

JÓN ÁSGEIR KALMANSSON

„Af barni Maður borinn er“

Um barnæskuna sem þroskahugsjón¹

Bernskan er hinn ævarandi Messías sem umfaðmar fallna menn og sárþænir þá að snúa aftur til paradísar.

Ralph Waldo Emerson

Mesta hætta okkar daga – ógnvænlegri en bráðnun jökla eða hnignun hagkerfa – er eyðing barnæskunnar.

John Pridmore

*Að leggja af barnskapinn eða rækta barnið í sér?*²

Löngum hefur verið litið á börn sem ófullkomnar manneskjur. Raunar er sjónarmið af því tagi að einhverju leyti innbyggt í tungumálið. Barn er ekki *uppkomið*, komið til *vits og ára*, komið á *mann dómsaldur*. Það er ekki *full-orðið*, *full-þroska* eða *full-tíða*. Barnið er með öðrum orðum markað af *vöntun*, mennskir eiginleikar þess og hæfileikar eru enn ekki fyllilega orðnir að veruleika. Skilningur af þessu tagi birtist til dæmis í þeim orðum Aristótelesar í *Síðfræði Nikomakkosar* 1100a að „barn [sé] ekki ... farsælt“.³ Farsæld þarfnast dygðar og dygð kallar á þjálfun,

¹ „Af barni Maður borinn er“ er þýðing Þorsteins frá Hamri á ljóðlínunni „The Child is father of the Man“ úr ljóðinu Regnboginn eftir enska ljóðskáldið William Wordsworth. Sjá Þorsteinn frá Hamri, *Ritsafn*, Reykjavík: Íðunn, 1998, bls. 451. Ég vík aftur að þessari setningu í lok greinarinnar.

² Ég þakka Ásgeiri Brynjari Torfasyni, Ástríði Stefánsdóttur, Róberti H. Haraldssyni, ásamt ritrýnum og ritstjóra *Ritsins*, fyrir yfirlestur og góðar ábendingar við vinnslu greinarinnar.

³ Aristóteles, *Síðfræði Nikomakkosar*, þýðandi Svavar Hrafn Svavarsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1995, bls. 235.



yfirvegum, góða dómgreind og aðra þætti sem barnið hefur enn ekki tileinkað sér. Ekki ósvipaða hugsun er að finna í Hebreabréfi *Nýja Testamentisins*, þar sem segir, barn „skilur ekki boðskap réttlætisins“, og það er borið saman við fullorðna „sem jafnt og þétt hafa agað hugann til að greina gott frá illu“.⁴ Barnið skortir með öðrum orðum skilning á og hlýðni við þau boðorð og lögmál er lúta að réttu og röngu. Frá þessu sjónarmiði má segja að barnæskan hafi takmarkað vægi sem slík, hún er fyrst og fremst álitin nauðsynlegt undirbúningsskeið á leiðinni til fulls þroska sem vörðað er aga, uppeldi, og menntun.

Viðhorf til barna hafa á hinn bóginn löngum verið tvíbent og greina má í hugmyndasögumni sjónarmið af öðrum toga. Þá er ekki lögð áhersla á vöntun eða vanþroska barnsins. Þvert á móti er barnið skilið sem einhvers konar fyrirmynd eða leiðarljós fullorðinna. Þekktasta dæmið um þetta eru vafalaust þau orð Jesú að „hver sem tekur ekki við Guðs ríki eins og barn, mun aldrei inn í það koma“;⁵ og „þér komist aldrei í himnaríki nema þér snúið við og verðið eins og börn. Hver sem auðmýkir sjálfan sig og verður eins og barn þetta, sá er mestur í himnaríki.“⁶ Hugsun Aristótelesar virðist hér snúð á haus. Frumforsenda þess að höndla æðsta hnoss mannlegs lífs, sem Jesús nefnir ekki farsæld heldur að koma inn í Guðs ríki, er ekki að fullorðnast heldur að verða eins og barn. Jesús segir einnig að Drottinn himins og jarðar hafi „hulið þetta [það er kraftaverk Jesú] spekingum og hyggindamönnum en opinberað það smælingjum“.⁷ Íslenska orðið „smælingi“ þýðir meðal annars fátæklingur, almúgamaður eða lítilmagni,⁸ en gríska orðið sem það er notað til að þýða er *nēpiois*, sem hefur stundum verið þýtt sem „börn“ eða „smábörn“ (e. „*babes*“, „*little children*“), til dæmis í hinni ensku *King James*-útgáfu Biblíunnar. Í Matteusarguðspjalli segir jafnframt að æðstu prestar og fræðimenn hafi séð „dásendarverkin sem hann gerði“ en gramist það þegar þeir heyrðu börn syngja Jesú lof fyrir vikið. Jesús svaraði þeim þá: „Já, hafið þið aldrei lesið þetta: Af munni barna og brjóstmylkinga býrð þú þér lof?“⁹ Samkvæmt því er til víska eða þekking á veruleikanum sem börn hafa en hinir eldri og lærðari kunna ekki að meta og lofa að verðleikum.¹⁰

⁴ Heb 5.13-14.

⁵ Mrk 10.15.

⁶ Matt 18.3-4.

⁷ Matt 11.25.

⁸ Sjá íslenska orðabók: www.malid.is.

⁹ Matt 21.15-16.

¹⁰ Vísað er til orða Krists hér í upphafi meðal annars vegna þeirra djúpu áhrifa sem þau hafa haft á skilning fólks á barnæskunni allt fram á okkar daga, að minnsta kosti í vestrænni menningu. Gengið er út frá því að gildi þeirra ráðist ekki eingöngu af því hvort fólk er kristið eður ei. Ekki er heldur ætlunin að rannsaka til hlítar hve „rétt og skynsamleg“

Þessi grein er heimspekileg hugleiðing þeirrar að því er virðist mótsagna-kenndu hugmyndar að það að þroskast og fullorðnast sé að verða „eins og barn“. Í hvaða skilningi er það að verða fulltíða ekki eingöngu fólgið í því að leggja „niður barnaskapinn“, svo notuð séu orð Páls postula,¹¹ heldur einnig og ekki síður að verða eins og barn í annað sinn? Ég segi „ekki eingöngu“ vegna þess að hugmyndin sem hér er til umræðu er ekki sú að barnið eigi aldrei að vígjast inn í heim hinna fullorðnu, og axla þá ábyrgð á og umhyggju fyrir öðrum sem honum fylgir – því sé fyrir bestu að taka sögupersónuna Pétur Pan sér til fyrirmyndar og vera barn að eilífu. Börnum er eðlilegt að þroskast og verða fullorðin; þeim er eiginlegt að leggja niður barnaskapinn og eru raunar býsna leikin í því. Athyglinni í greininni er fremur beint að þeirri spurningu í hvaða skilningi megi segja að það að verða eins og barn sé nauðsynlegur, en ekki nægilegur, þáttur í fullum þroska manneskjunnar. Hvaða eiginleikar bernskunnar eru það sem við ættum að leitast við að varðveita og láta upplýsa og næra manndóms- og efri árin, um leið og við öðlumst aukna reynslu, dómgreind, siðvit og annað sem vonandi fylgir hærri aldri? Í greininni er aðeins tæpt á fáeinum hugmyndum um þetta viðamikla efni enda er það að „verða eins og barn“ ... mun margslungnari hugmynd en almennt er gengið út frá.¹² Raktir eru þrír náskyldir þræðir eða þemu sem tengd hafa verið annars vegar barnæskunni og hins vegar mannlegum þroska í fyllsta skilningi. Snert hefur verið á tveimur þessara þráða í tengslum við orð guðspjallamannanna, *auðmýkt* og *undrun*, en sá þriðji er *leikur*. Þá verður í lokin vikið að vísbendingum um að með ýmsum hætti sé grafið undan barnæskunni, í skilningi þessara þriggja þema, nú um stundir; fullorðnir eigi ekki aðeins í erfiðleikum með að varðveita barnið í sér, heldur sé börnunum sjálfum með fordæmalausum hætti gert erfiðara að vera börn. Efniviður ígrundunarinnar er aðeins að litlu leyti nýlegar raunvísindalegar rannsóknir á börnum, en er fremur sóttur í reynslu og hugmyndir nokkurra höfunda, svo sem breska blaðamannsins og rithöfundarins G.K. Chesterton og hollenska sagnfræðingsins

orð Krists um tengsl barna og auðmýktar eru, þótt vikið sé stuttlega að spurningum um þessi tengsl í lok næsta kafla. Áherslan er fremur á að skoða hvað það gæti þýtt að segja að þessi tengsl séu fyrir hendi. Sigurður Pálsson fjallar um börn í guðfræðilegu samhengi í greininni „Börn sem ritskýrendur“, *Ritröð Guðfræðistofnunar. Studia theologica islandica* 35, ritstjóri Gunnlaugur A. Jónsson, Reykjavík: Guðfræðistofnun Háskóla Íslands, 2012, bls. 119–138.

¹¹ 1Kor 13.11.

¹² Edith Cobb, *The Ecology of Imagination in Childhood*, New York: Columbia University Press, 1977, bls. 107. Eins er vert að hafa í huga hve framandi æskan getur verið okkur fullorðnu fólki, eins og hún sé okkur fjarlægt land þar sem fólk bindur bagga sína ekki sömu hnútum og gengur og gerist.

Johans Huizinga, auk annarra.¹³ Segja má að þessir höfundar séu hluti af hefð sem sér mikilvæga siðferðilega og andlega þýðingu í hinni sammannlegu reynslu bernskunnar, og lítur raunar á barnæskuna sem uppsprettu djúprar þekkingar og (sam)visku. Að rækta tengslin við barnið í sér er þá jafnframt skilið sem einhvers konar andleg æfing og siðferðileg rækt, og órjúfanlegur hluti þeirrar viðleitni að verða heil manneskja.¹⁴

Auðmýkt

Víkjum þá að fyrsta þemanu sem vert er að skoða í tengslum við þá hugmynd að barnið sé fyrirmynd hinna fullorðnu, og að ræktun eiginleika barnæskunnar sé að mikilvægu leyti forsenda þess að þroskast og verða *full-orðinn* í orðsins fyllstu merkingu. Við höfum þegar séð hvernig Jesús tengir barnið við dygð auðmýktarinnar; hver sem auðmýkir sig og verður eins og barn er mestur í himnaríki.¹⁵ Hvað réttlætir að tengja barnið með þessum hætti við auðmýkt? Til að leita svara við þeirri spurningu er vert að víkja fyrst að grísku sögninni ταπεινός sem þýdd er með íslensku sögninni „að auðmýkja“ í texta Matteusarguðspjalls.¹⁶ Orðið þýðir að *lægja* eða gera *lægga*, það er að *ferja nær jörðinni*.¹⁷ Merking þess er því af svipuðum toga og enska orðsins *humility* og latenska orðsins *humilis*, sem bæði vísa til þess sem er nálægt jörðu eða af mold (l. *humus*).¹⁸ Þau sem eru auðmjúk halda sig sem sagt á jörðinni og nálægja sig henni.¹⁹ Þau hreykja sér ekki

¹³ Eins og enski kennarinn og fræðimaðurinn Edward Robinson bendir á getur það kallað á ríkulega lífsreynslu, vökula athygli og langa yfirvegum að verða dómbær á eigin æsku, sjá *The Original Vision*, New York: The Seabury Press, 1983, bls. 145. Mikilvæg leið til að rannsaka bernskuna er þess vegna að kanna hvað lífsreynt og hugsandi fólk, og arfur kynslóðanna, hefur í tímans rás fundið í barnæskunni.

¹⁴ Um andlegar æfingar sjá Pierre Hadot, *Philosophy as a Way of Life*, Oxford UK & Cambridge USA: Blackwell, 1995. Ryan G. Duns víkur að tengslum barnæskunnar og andlegra æfinga í *Spiritual Exercises for a Secular Age*, Notre Dame: University of Notre Dame Press, 2020.

¹⁵ Hér má einnig minna á barnslega eiginleika sjálfs guðdómsins, að skilningi kristinna manna, eins og birtist í Jesúbarninu og ýmsum ummælum Krists, eins og í Matteusarguðspjalli 11.29: „Takið á yður mitt ok og lærið af mér, því að ég er hógvær og af hjarta lítillátur, og þá munuð þér finna hvíld sálum yðar“.

¹⁶ Matt 18.4.

¹⁷ *A Greek-English Lexicon of the New Testament and Other Early Christian Literature*, ritstjóri Frederick William Danker, Chicago: The University of Chicago Press, bls. 880.

¹⁸ *Oxford Latin Dictionary*, Oxford: At the Clarendon Press, 1968, bls. 809–810.

¹⁹ Auðmýkt hefur ekki aðeins verið tengd því að halda sig á jörðinni heldur beinlínis *ofan í* henni. Í Jesaja 2.10 segir til dæmis: „Gakk inn í bergið, fel þig í jörðu fyrir ógn Drottins og ljóma hátignar hans“. Sagnfræðingurinn Christopher A. Snyder bendir á að í sögum

hátt, líta ekki stórt á sig, telja sig ekki yfir aðra hafin, eru ekki merkileg með sig, og svo framvegis.

Nú er það svo að börn eru lág í loftinu og veikburða, og einkum framan af. Staða þeirra í tilverunni markast í grunninn af smæð, vanmætti og særanleika. Þau eru bókstaflega smælingjar og lítilmagnar.²⁰ Börnin eru þarna niðri og horfa upp á hina fullorðnu og á öll þeirra einkennilegu uppátæki. Sjónarhorn þeirra er því beinlínis jarðbundnara en hinna fullorðnu, það er þrungið meiri auðmýkt í upprunalegum skilningi þess orðs. Það er einmitt þetta jarðbundna sjónarhorn barnsins á veröldina sem ýmis skáld hafa reynt að gera ljóslifandi fyrir lesendum sínum. Í skáldsögu Charles Dickens *Glæstum vonum* er til dæmis þessi lýsing:

Í minningunni er hr. Hubble harðleitur, lotinn öldungur, knýttur í herðum og angandi ögn eins og sag og svo firnagleiður að þegar ég, á bernskuárum mínum, mætti honum á leið upp veginn sá ég alltaf til margra sókna í gegnum klofið á honum.²¹

Um leið og þessi tilvitnun er gott dæmi um galdur rithöfundarins Dickens, sem í einni málsgrein rissar upp eftirminnilega mynd úr lífi barns, þá kippir hún lesandanum niður á jörðina, ef svo má segja. Við erum ekki aðeins minnt á að vegna nándar barnsins við jörðina og allt sem á henni dvelur þá lifir það og hrærist í heimi hins jarðbundna og holdlega þefskyns, sem orkar oftast en ekki furðu sterkt á hugann og minnið.²² Við erum líka minnt á hvernig veröldin blasir við smáfólki sem getur séð opna víðáttu gegnum klofið á tröllunum sem kallast fullorðið fólk. Bandaríski heimspekingurinn Cora Diamond bendir á að ofan-

sínum um hobbitana dragi J.R.R. Tolkien fram náð samband þeirra við jörðina ekki aðeins með smæð þeirra, garðyrkju, matarást, og dálæti á heitum böðum, öli, reykingum, veislum og öðrum jarðneskum nautnum, heldur ekki síður með því að þeir búa í *holum í jörðinni*. Með þessu undirstriki Tolkien þá auðmýkt sem geri hobbitana öðrum hæfari að bera máttarbauginn. Sjá Christopher A. Snyder, *Hobbit Virtues. Rediscovering Virtue Ethics Through J.R.R. Tolkien's The Hobbit and The Lord of the Rings*, New York: Pegasus Books, bls. 9–18.

²⁰ Sögur Astrid Lindgren um Línu langsokk draga að ýmsu leyti upp ólíka mynd af börnum, að minnsta kosti af hinni sterku og ódeigu Línu langsokk. Sjá um þetta Gunnar Finnbogason, „Lína langsokkur sterkust í öllum heiminum – Astrid Lindgrein í heimi skólans“, *Netla. Sérrið – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*, 2018.

²¹ Charles Dickens, *Glæstar vonir*, þýðandi Jón St. Kristjánsson, Reykjavík: Mál og menning, 2021, bls. 29.

²² Rannsóknir benda til að lykt veki sterkari minningaleg hughrif og tilfinningar en til dæmis myndir og hljóð. Sjá Gretien Van Campen, *The Proust Effect. The Senses as Doorways to Lost Memories*, enskur þýðandi Julian Ross, Oxford: Oxford University Press, 2014, bls. 60.

greind setning í rithöfundarverki Dickens, og aðrar álíka, beri vott um viðleitni hans til að ná siðferðilegu markmiði, sem sé að fá lesendur til að veita barninu og sjónarhorni þess á heiminn athygli; sjónarhorni sem hefur að mörgu leyti sérstöðu einmitt sem sjónarhóll *barns* á veröldina.²³ Dickens vilji hjálpa lesendum að öðlast umhyggjusaman, virkan og lifandi áhuga á börnum og veröldinni sem þau lifa og hrærast í.²⁴

Nú blasir við að líkamleg smæð og litlir líkamsburðir duga ekki sem slíkir til að eigna börnum auðmýkt. Auðmýkt er andlegur og siðferðilegur eiginleiki sem hefur að gera með afstöðu okkar og breytni, ekki líkamlegt atgervi eingöngu. Segja má að auðmýkt sé dygð sem varðar fyrst og fremst „sjálfið“, það er hvort og þá hvernig maður er meðvitaður um sjálfan sig, staðsetur sig í heiminum, skilur tengsl sín við aðra, og svo framvegis. Það er einmitt í þessum andlega og siðferðilega skilningi sem sumir hugsuðir hika ekki við að eigna börnum auðmýkt. Þeir sjá líkamlega smæð og berskjöldun barnsins sem eins konar endurspeglun þess innra sjálfs, eða vöntunar á sjálfi, og opinnar afstöðu þess til hlutanna. Dæmi um slíkan hugsuð er breski blaðamanninn og rithöfundurinn G.K. Chesterton.

Til að varpa eilittlu ljósi á hugmyndir Chestertons um eðli auðmýktar, og tengsl hennar við barnið og hinn fullorðna, er gagnlegt að taka dæmi af (barnslega) einfaldri sögu hans um tvo drengi, Pál og Pétur, sem fá hvor um sig eina ósk uppfyllta. Páll óskar sér að verða risi sem geti stíkað stórum yfir höf og lönd og barið Níagara-fossana og Himalajafjöllin augum á kvöldgöngunni. Þegar hann kemur að Himalajafjöllunum finnst honum þau á hinn bóginn heldur lítil og ómerkileg, og Níagarafossarnir eru engu tilkomumeiri en vatnsbuna úr baðkrana. Hann eigrar um jörðina í leit að einhverju stóru en finnst allt vera smátt og tilkomulítið, uns hann leggst niður af leiðindum og sofnar. Hann hlýtur að endingu þau dapurlegu örlög að vera hálshöggvinn af eyðiskógamanni nokkrum sem hefur lesið það í góðri bók að „böl drambsins felist í því að vera úr hlutföllum við alheiminn“.²⁵ Það er á hinn bóginn af Pétri að segja að hann óskar sér hins gagnstæða, að breytast í skógardverg sem sé um það bil hálf tomma á hæð. Litla grasflötin við heimili hans breytist undir eins í víðáttumikla slétta sem þakin

²³ Cora Diamond, *The Realistic Spirit*, Cambridge: The MIT Press, 1995, bls. 299.

²⁴ Fræðimenn hafa bent á að staða barna í samfélaginu fyrr á öldum, svo ekki sé talað um í fornöld, var almennt harla veik. Litið var á þau sem eign húsbóndans á heimilinu, sem gat ráðið örlögum þeirra að vild sinni. Börn voru oft og tíðum svo gott sem ósýnileg. Sjá Chris Jenks, *Childhood*, London og New York: Routledge, 1996. bls. 62. Að dómi Alison Gopnik endurspeglast þessi ósýnileiki barna í heimspekisögunni: „Börn hafa verið nær ósýnileg dýpstu hugsuðum mannkynssögunnar“. Sjá Alison Gopnik, *The Philosophical Baby. What Children's Minds Tell Us about Truth, Love and the Meaning of Life*, London: The Bodley Head, 2009, bls. 149.

²⁵ G.K. Chesterton, *Tremendous Trifles*, New York: Open Road Integrated Media, 2015, bls. 5.

er hávöxnum frumskógi sem yfirgnæfa undarleg tré með krónur líkar sólum. Í fjarska sér hann tilkomumikil himinhá fjöll og við sjónarrönd enn leyndardómsfyllri dumbrauða skóga. Pétur leggur umsvifalaust í ævintýraför yfir fjölskrúðuga sléttuna, sem enn hefur ekki tekið enda.²⁶

Chesterton notar þessa litlu sögu til að koma á framfæri tvenns konar grundvallarafstöðu, því við manneskjurnar förum allar um með okkar sérstaka sjónarhorn á heiminn, og „allt veltur á viðhorfi hugans“, eins og segir í greininni.²⁷ Annars vegar er afstaða þess sem hefur innra með sér tileinkað sér sjónarhorn risans, horfir á allt eins og úr mikilli hæð, eins og hann sé hátt yfir annað hafinn – og sé jafnvel þungamiðja tilverunnar sem allt annað hverfist um. Það er sá sem hefur tamið sér að líta hlutina *smáum augum* eins og sagt er. Hann hefur tilhneigingu til að finnast hlutirnir vera litlir, sjálfsagðir og léttvægir. Varpa má ljósi á þennan sjónarhól *yfirlætis*, drambs eða hroka með því að skirskota til áhrifamikillar senu í kvikmyndinni *Þriðji maðurinn* (e. *The Third Man*) frá árinu 1949. Aðalóþokki myndarinnar, Harry Lime, sem valdið hefur veikindum og dauða fjölda barna með því að stela, spilla og selja gallað pensilín, bendir efst ofan úr Parísarhjólí á vegfarendur fyrir neðan og segir við vin sinn Holly Martins:

Lítu þarna niður. Myndirðu í raun og veru finna til einhverrar samúðar ef einn af þessum deplum hætti að hreyfast fyrir fullt og allt? Ef ég biði þér 20.000 pund fyrir hvern depil sem hætti að hreyfast, myndirðu virkilega, gamli minn, segja mér að eiga peningana? Eða myndirðu reikna út hve mörgum deplum þú hefðir efni á að þyrma? Skattfjálst, gamli minn, skattfjálst.²⁸

²⁶ Höfundur þessarar greinar minnst þess að hafa séð sem barn kvikmynd er nefndist *Maðurinn sem minnkaði* (*The Incredible Shrinking Man*, 1957). Það verður að viðurkennast að myndin vakti blendnar tilfinningar hjá barninu, og ekki síður skelfingu en þá undrun og ævintýraþrá sem Chesterton tengir við dverginn Pétur. Það skýrðist ekki síst af því að hún bauð upp á hrollvekjandi bardaga söguhetjunnar við risastóran heimiliskött, könguló og annað af því tagi, sem gaf forviða drengnum ef til vill innsýn í hörð og vægðarlaus lögmál í ríki náttúrunnar. Á hinn bóginn endar myndin á heimspekilegri einræðu sísmækkandi söguhetjunnar sem svipar um margt til útleggingar Chestertons á sjónarhorni Péturs. Að minnsta kosti virðist mega túlka hana sem hugleiðingu um nán tengsl þess að verða „ekkert“ og að sjá merkingu og hátign sköpunarverksins. Af henni virðist einnig mega ráða að sjálft sjónarhorn söguhetjunnar feli í sér sérstaka göfgi því þótt hún sé að verða að engu þá „er ekkert núll“ í augum Guðs. Ég vík aftur að þessu stafi um „ekkert“ og sjónarhornið sem því tengist í framhaldinu.

²⁷ G.K. Chesterton, *Tremendous Trifles*, bls. 7.

²⁸ Sjá David, „The Third Man 1949 Ferris Wheel Scene 3min“, *Youtube*, 20. maí 2016, sótt 4. nóvember 2025 af https://www.youtube.com/watch?v=21h0G_gU9Tw.

Horf tröllsins á jörðina og fólkið sem á henni lifir, sem Harry Lime hefur gert að sínu, er hér undirstrikað með kaldhæðnu og harðsvíruðu tali hans og látbragði. Það er þó ekki síður opinberað með yfirgnæfandi sjónarhorni mynda vélarinnar og mannanna í Parísarhjólinu á fólkið fyrir neðan. Síðar í sömu senu segir Harry: „Enginn hugsar um manneskjur (e. *nobody thinks in terms of human beings*). Stjórnvöld gera það ekki og hvers vegna ættum við þá að gera það? Þeir tala um fólkið og öreigana ... Ég tala um fávita og aula. Það kemur út á eitt. Þeir eru með sínar fimm ára áætlanir, og ég líka“.²⁹ Harry sakar með öðrum orðum alla aðra, og einkum stjórnámamenn og hugmyndafræðinga, um að sjá fólk sömu tröllslegu augum og hann sjálfur; ekki sem manneskjur heldur sem peninga (20.000 pund) tölur á blaði (fimm ára áætlanir) eða sem hugmyndafræðileg hugtök (fólkið, öreigarnir). Það eru með öðrum orðum risar sem ráða ríkjum, samkvæmt lífsviðhorfi Harrys Lime.

Senan úr *Þriðja manninum* dregur að mörgu leyti vel fram hvað Chesterton á við með sögunni um risann og glámskyggni hans; andlegur og siðferðilegur tröllskapur getur meðal annars birst sem mannfyrirlitning og siðblinda. En vandinn varðandi sjónarhorn risans stendur okkur þó nær en sú sena gefur til kynna; flest okkar eru sem betur fer ekki harðsvíraðir glæpamenn á borð við Harry Lime. Sjónarhorn risans er lúmskara og læðist aftan að okkur við hversdagslegustu aðstæður. Þannig getur það til dæmis hent margan víðförulan ferðamanninn, sem stekkur milli áfangastaða líkt og stórstúgt tröll, að fyllast leiða þegar enn eitt listasafnið eða dómkirkjan er barið augum. Máttur slíkra staða til að vekja áhuga og kveikja neista minnkar þá ef til vill í réttu hlutfalli við flugpunktana sem safnað er.³⁰ Slíkur leiði er á hinn bóginn aðeins dæmi um tilhneiginguna til sýnu almennari og afdrifaríkari deyfðar og doða á ferðalaginu milli vöggu og grafar. Flest höfum við með öðrum orðum tilhneingingu til lífsþreytu í þeim skilningi að taka að líta hlutina smáum augum og taka þeim sem gefnum, af þeirri einföldu ástæðu að við höfum séð þá svo oft. Þetta er einmitt eitt af því sem greinir hina

²⁹ Sama heimild.

³⁰ Þetta er vitaskuld ekki í anda góðrar ferðamennsku sem, eins og breski rithöfundurinn og lögmáðurinn Charles Fosters bendir á, sver sig í ætt við barnið: „Bestu ferðalangarnir, þeir sem mest hafa séð, eru þeir sem hæfastir eru til að sjá heiminn með augum barna. Augu barna hafa ekki það andlega ský sem gerir sjón hinna veraldarvönu óskýra. Þau sjá líti, leyndardóm og ákafa þar sem við sjáum eintóma auðn. Þau eru okkur óendanlega ríkari“. Sjá Charles Foster, *The Sacred Journey*, Nashville: Thomas Nelson, 2010, bls. 30. Umræða Foster leiðir raunar í ljós nán tengsl milli förumannsins eða pílagrímsins annars vegar, og barnsins hins vegar, því pílagrímsgangan „getur gefið okkur ný augu, augu barna“ og hjálpar förumanninum „að sigrast á ótta sínum við að kveðja sinn eyðslusama, fáránlega, þvingaða fullorðinshátt (e. *his expensive, ridiculous, ill-fitting adulthood*), sama rit, bls. 8.

fullorðnu hvað skýrast frá börnunum. Hin fullorðnu er veraldarvanari lífsferðalangar en börnin, hafa miklu oftari „verið-þar, gert-það“ (e. *been there, done that*) og eru í þeim skilningi mun líklegri til að horfa niður á hlutina, líta þá smáum augum, sjá þá bara sem gráan hversdagsleikann, og svo framvegis. Önnur hversdagsleg birtingarmynd andlegs tröllsskapar okkar er svo sá lúmski veikleiki sem C.S. Lewis segir að við eigum erfiðast með að vera meðvituð um í sjálfum okkur, hvað þá viðurkenna fyrir öðrum. Það er sjálfsálit gegnsýrt af metingi og vilja til að vera meiri, ef ekki mest, í samanburði og samkeppni við aðra.³¹ Þrútið sjálfsálit af því tagi smækkar hlutina ósjálfrátt í augum okkar, því „stoltur maður er alltaf að horfa niður á hluti og fólk, og svo lengi sem maður horfir niður getur hann að sjálfsögðu ekki séð það sem er honum æðra“.³²

Ef sagan af risanum Páli fjallar um yfirlæti, meting, sjálfumgleði, tilgerð, snobb, lífsþreytu og fleira af því tagi sem oft getur hrjáð fullorðið fólk þá er dverginum Pétri ætlað að gefa okkur innsýn í eðli auðmýktarinnar, sem að dómi Chestertons hefur mun nánari tengsl við barnæskuna. Pétur lítur *upp* til allra hluta einmitt vegna þess að honum verður að þeirri ósk sinni að öðlast jarðbundið og sjálfgleymið sjónarhorn barnsins. Hann getur haft hlutina í *hávegum* vegna þess að honum hefur orðið að þeirri ósk sinni að hafa lágan sjónarhól. Í „Defence of Humility“ segir Chesterton raunar að auðmýkt sé „sú munúðlega list að draga sig saman í einn punkt, ekki í smáan hlut eða stóran, heldur í hlut sem hefur alls enga stærð, svo að frá honum eru öll fyrirbæri alheimsins séð eins og þau eru í raun og veru – gædd ómælanlegum mikilleika“.³³ Hann kallar auðmýkt af þessum sökum „frumspekilega og, maður gæti næstum sagt, stærðfræðilega dygd“.³⁴ Íslenska orðið *stærðfræði* á vel við hér að því leyti að auðmýkt varðar það einmitt frá hvaða innri „stærð“ eða öllu heldur „smæð“ við horfum á heim-

³¹ Áður tilvitnuð orð Jesú um börn og auðmýkt í Matteusarguðspjalli 18:3-4 eru svar við spurningu lærisveinanna: Hver er *mestur* í himnaríki?

³² C.S. Lewis, *Mere Christianity*, London: Collins, 1952, bls. 124.

³³ G.K. Chesterton, *The Defendant*, New York: Open Road Integrated Media, 2015, bls. 68. Þýski heimspekingurinn Friedrich Nietzsche er gjarnan nefndur sem fulltrúi þess viðhorfs að auðmýkt sé hvorki góð né göfug. Er til dæmis nefnt að hann tengir hana við þrælasiðferði í 9. hluta *Handan góðs og ills*, ásamt meðaumkun, hlýju, vingjarnleika, og öðrum eiginleikum sem honum er í nöp við. Sjá Friedrich Nietzsche, *Handan góðs og ills*, þýðendur Þröstur Ásmundsson og Arthúr Björgvin Bollason, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1994, bls. 371. Nietzsche er á hinn bóginn margslunginn höfundur. Þannig dásamar hann einnig í 9. hluta *Handan góðs og ills*, dygd lotningarinnar, en hún er samkvæmt Nietzsche það næmi, gæska og reisin sem býr í hverri sál „þegar eitthvað mikilfenglegt ber fyrir hana“, sjá sama rit, bls. 379. Þetta er orðalag sem gæti eins átt við auðmýktina eins og henni er lýst í þessari grein.

³⁴ Sama rit, bls. 66.

inn. Vart þarf þó að taka fram að „stærðin“ og „mikilleikinn“ sem auðmýktin gerir okkur kleift að sjá varðar að dómi Chestertons ekki aðeins óráviddir hins efnislega alheims heldur miklu fremur víddir merkingar og mikilvægis, fegurðar og góðleika, og svo framvegis.

Það er einnig efurtektarvert að Chesterton kenni auðmýkt, og þar með bernskuna, við *munúðlega* eða *munaðargjarna list* (e. *the luxurious art*). Dygðir á borð við auðmýkt og þakklæti eru, ef marka má Chesterton, beinlínis *forsenda* glaðværðar og lífsnautnar. Eða eins og hann orðar það af sinni dæmigerðu kímni: „Án auðmýktar er útilokað að njóta nokkurs skapaðar hlutar – jafnvel yfirlætis“. ³⁵ Algengt stef í skrifum Chestertons er að maður eigi umfram allt að varast að taka sjálfan sig of *háúðlega*, og að *upphafið* sjálfsmikilvægi sé vísasta leiðin til að spilla lífsgleðinni. Í „If I Only Had One Sermon to Preach“ orðar hann þessa hugsun svo: „Manneskur eru hamingjusamar svo lengi sem þær varðveita getuna til að taka á móti og bregðast af undrun og þakklæti við einhverju ytra“. Hann sér slíka auðmýkt beinlínis sem það kennimark bernskunnar sem á hve mest erindi við fullorðið fólk: Þetta er eiginleiki sem „einkennir barnæskuna og getur enn varðveitt og endurnært manndómsárin“. Um leið og sjálfhið hið innra er á hinn bóginn vísitandi skilið sem „eitthvað æðra (e. *superior*) en þær gjafir sem því eru færðar, eða þau ævintýri sem það getur notið, þá hefur skotið upp kollinum einhvers konar sjálfseyðileggjandi vandfýsni og fyrir fram gefin vonbrigði“ sem leiðir á endanum til örvæntingar. ³⁶ Þess vegna er auðmýktin *forsenda* lífs-hamingjunnar og þess vegna hnignar menningunni jafnharðan og fólk gleymir þýðingu þessarar fornu dygðar.

Við höfum nú skoðað stuttlega eina túlkun á því hvernig bernskan tengist auðmýkt í merkingu hins jarðbundna sjónarhorns og „dvergvaxna“ sjálfs, sem skilið er sem *forsenda* þess að við getum litið upp til hlutanna, kunnað að meta þá að verðleikum og notið þeirra. ³⁷ Beinlínis er litið á það sem sálfræðilegt og andlegt lögmál að hið mikilfenglega og mikilvæga í lífinu, sem við öðlumst vaxandi skilning á þegar við þroskumst, sé einungis uppgötvað í anda og með

³⁵ G.K. Chesterton, *Orthodoxy*, Chicago: Moody Publishers, 2009, bls. 58.

³⁶ G.K. Chesterton, *The Common Man*, New York: Sheed and Ward, 1950, bls. 252–253.

³⁷ Að ýmsu leyti kallast saga Chestertons um dverginn Pétur og risann Pál á við greinarmun kanadíska heimspekingsins Charles Taylor á opnu eða berskjölduðu sjálfi (e. *porous self*) annars vegar og einangruðu eða vörðu sjálfi (e. *buffered self*) hins vegar. Samkvæmt Taylor er vestrænt nútímafólk í ríkum mæli einangrað eða varið sjálf, en fólk sem lifði fyrir nýöld var almennt opið eða berskjaldað sjálf. Taylor telur þó að nútímafólk hafi enn tengsl við opna sjálfhið, meðal annars gegnum barnæskuna. Sjá Charles Taylor, *A Secular Age*, Cambridge: The Belknap Press of Harvard University Press, 2007, bls. 300.

hugarfari barna – það er í auðmýkt og lotningu.³⁸ Ýmsar efasemdir geta á hinn bóginn vaknað um þau nánú tengsl sem höfundur á borð við Chesterton greinir milli æsku og auðmýktar. Er yfirhöfuð réttlætanlegt að eigna börnum dygd á borð við auðmýkt, og eigna þeim hana jafnvel í ríkari mæli en fullorðnum? Eru dygðir ekki óhjákvæmilega tengdar þjálfun og vana sem mótast í uppeldi, ásamt vaxandi dómgreind fullorðinsáranna? Er ekki verið að gefa upphafna og óraunhæfa mynd af börnum með slíku tali; hafa þau ekki vanalega meiri áhuga á að horfa á *Hvolpasveitina* en að „lægja“ sig og hafa hlutina „í hávegum“? Er ekki alkunna að börn eru oft allt annað en auðmjúk, líta iðulega stórt á sig og haga sér jafnvel eins og örgustu harðstjórar?

Spurningar af þessu tagi vekja upp stærri álitamál en rúm til að svara á fullnægjandi hátt að þessu sinni, meðal annars um eðli dygðanna.³⁹ Þó má setja fram þrenns konar drög að svari. Það fyrsta sem hafa má í huga er að það að tengja bernskuna náð við auðmýkt þýðir ekki að lítið sé á börn sem einskæra engla sem ávallt séu þrúð og stílt og hafi bara áhuga á háleitu hlutum. Glöggt dæmi um þetta er raunar, ef marka má Chesterton, æska hans sjálfs, sem einkenndist samkvæmt sjálfsævisögu hans í ríkum mæli af vansæld og óstýrilæti, rétt eins og æska margra annarra barna.⁴⁰ Engu að síður greinir Chesterton yfir æsku sinni einhvern vandorðaðan ljóma eða ljós „sem lýsti upp alla hluti og gerði þá skýra

³⁸ Fulton J. Sheen, *The Eternal Galilean*, New York: Alba House, 1997.

³⁹ Spurningin „hvað er dygd?“ er djúp og flókin heimspekileg spurning. Skosk-bandaríski heimspekingurinn Alasdair MacIntyre vekur máls á því í kunnri bók sinni *After Virtue* hve gjörólíkan skilning á því hvað dygðir eru megi greina í hugmyndasögunni og nefnir í því sambandi meðal annars Hómerskviður, siðfræði Aristótelesar og Nýja testamentið. Ein birtingarmynd þessa ólíka skilhings er að hans mati sú staðreynd að samkvæmt Aristótelesi er auðmýkt löstur en dygd samkvæmt Nýja testamentinu. Hann telur að atriði af þessu tagi gefi þeirri ályktun undir fótinn að skilningur þessara þrenns konar hefða á eðli dygðanna eigi lítið sem ekkert sameiginlegt. Sjá Alasdair MacIntyre, *After Virtue*, Notre Dame: University of Notre Dame, 1981, bls. 170–171.

⁴⁰ Bernskan spannar býsna víðan „reynsluskala“, ekki síður og jafnvel enn frekar en önnur æviskeið. Þannig talar breski heimspekingurinn Bryan Magee um að æska sín hafi verið mörkuð djúpri undrun, líkt og allt sem gerðist hefði verið skorið í vitund sína með „leturgraftarverkfæri“. Á hinn bóginn hafi hann á stundum verið gagntekinn af óþærligri sorg og tilfinningu fyrir takmarkalausum missi, eins og allar sorgir heimsins væru hans og væru að eilífu óbætanlegar. Sjá Bryan Magee, *Clouds of Glory. A Hoxton Childhood*, London: Jonathan Cape, 2003, bls. 129. John Pridmore talar í þessu sambandi um að bernskan geti verið mörkuð reynslu í líkingu við „svartnætti sálarinnar“ í trúarlífi dýrlinga, og að mikilvægt sé að fullorðið fólk geti dvalið í myrkrinu með barninu sem það eitt sinn var: „Barnið sem ég þarf að verða er barnið á krossinum“. Sjá John Pridmore, *Playing With Icons. The Spirituality of Recalled Childhood*, Ashland: The Center for the Theology of Childhood and the Godly Play Foundation, 2017, bls. 96–97.

og áþreifanlega, líkt og veröldin væri eins ný og ég sjálfur“.⁴¹ Chesterton skilur þennan ljóma æsku sinnar ekki bara sem sérstaka persónulega upplifun heldur sem grunneiginleika bernskunnar, eins konar „upphafsstöðu barnæskunnar“, hvaða vanlíðan, bernskubrek, eða hversdagsleiki einkenndu hana að öðru leyti.⁴² Þetta skýrir meðal annars þann skilning hans að sjálf barna sé eitthvað í líkingu við stærðfræðilegan punkt, og þau eigi því auðveldara með það en fullorðnir að sjá hið mikilfenglega í öllum sköpuðum hlutum. Það er alls ekki ljóst að í því sé fylgið eitthvert ofmat eða óraunsæ upphafning barnæskunnar af hálfu Chestertons. Öðru nær. Vel má vera að hann muni einfaldlega betur en margir, og hafi á því gleggri skilning, hvað folgið er í þeirri reynslu að vera barn í henni veröld.

Annað atriðið er að það að telja að andlegur og siðferðilegur eiginleiki á borð við auðmykt marki almennt bernskuna umfram önnur æviskeið virðist vera í góðu samræmi við nýlegar hugmyndir fræðimanna á sviði barnarannsóknna. Dæmi um þetta er bók bandaríska sálfræði- og heimspekiprófessorsins Alisons Gopnik, *The Philosophical Baby*, en í henni andmælir hún því meðal annars að litíð sé á börn sem ófullkomið eða frumstætt fullorðið fólk. Fremur eigi að líta á börn og fullorðna sem ólík form tegundarinnar maður – *Homo sapiens* – með gjörólíka en jafn öfluga og flókna huga og vitund.⁴³ Gopnik bendir á að áður fyrr hafi gjarnan verið álitíð að ung börn væru óskynsöm, sjálfhverf og án siðferðiskenndar (e. *amoral*). Nýlegar sálfræðilegar og taugavísindalegar rannsóknir sýni á hinn bóginn að námsgeta, ímyndunarafl, umhyggja, reglufylgni og reynsla barna sé ríkulegri en „við hefðum nokkru sinni getað talið mögulegt“; þau séu að sumu leyti „klárari, með meira ímyndunarafl, umhyggjusamari og jafnvel með ríkari meðvitund en fullorðnir“.⁴⁴ Gopnik leggur sérstaka áherslu á hið síðasttalda: „Líklegt er að börn séu í raun meðvituð um miklu meira, og á miklu ákafari hátt, en við“, segir hún. Hún líkir vitund og athyglisgáfu barna í því sambandi við „lukt“ (e. *attentional lantern, lantern consciousness*) að því leyti að ólíkt fullorðnum virðist eins og þau nemi hlutina á ljóslifandi hátt „alla í einni svipan“.⁴⁵ Slík vitund líkist einhvers konar sjálfgleymi eða „sjálfleysi“, það er því

⁴¹ G.K. Chesterton, *The Autobiography of G.K. Chesterton*, San Francisco: Ignatius Press, 2006, bls. 52–56.

⁴² „Upphafsstæða æskunnar“ er þýðing á orðunum „the originary situation of childhood“ og eru fengin úr bók Jerome A. Miller, *In the Throe of Wonder*, Albany: State University of New York Press, 1992, bls. 34. John Pridmore talar á hinn bóginn um „upphafssýn“ æskunnar (e. *the original vision*) sem sé tegund þekkingar og sé forsenda þess að öðlast þroskaðan skilning af nokkru tagi. Sjá *Playing With Icons*, bls. 9.

⁴³ Sjá Alison Gopnik, *The Philosophical Baby*, bls. 9.

⁴⁴ Sama rit, bls. 7.

⁴⁵ Sama rit, bls. 80.

þegar við töpum tilfinningu okkar fyrir sjálfinu en verðum hluti af óendanlegu ríkidæmi veraldarinnar.⁴⁶ Þótt Gopnik noti ekki orðið auðmýkt í umfjöllun sinni þá er lýsing af þessu tagi ekki svo fjarri útlistun Chestertons hér að framan á „stærðfræðilegu“ eðli auðmýktarinnar – því sálarástandi þegar sjálfíð er smátt og skyggir því ekki á mikilfengleika allra hluta. Hún sýnir um leið hvers vegna fullt vit getur verið í því fólgið að sjá nán tengsl milli auðmýktar og bernsku.

Þetta leiðir okkur að þriðju rökunum fyrir því að réttmætt sé að tengja barnæskuna við auðmýkt. Rökin eru að auðmýkt er náskyld öðrum andlegum og siðferðilegum eiginleikum, á borð við undrun og lotningu, sem oftast en ekki gegnsýra barnæskuna.⁴⁷ Undrunin, og tengsl undrunar og bernsku, er efni næsta kafla þessarar greinar. Segja má að sá kaffi varði þá hugmynd að rætur mannlegrar skilningsgáfu liggja að verulega leyti í undrun, sem er skilin sem einhvers konar „frum-speki“ í merkingunni upprunaleg víska, móttækileiki og næmi á veru og gnægð hlutanna, sem er kennimark barnæskunnar.⁴⁸

Undrun

Undrun sem einstakur háttur á að sjá og vera í heiminum hefur löngum verið tengd náíð við barnæskuna og þá staðreynd að börn eru nýgræðingar í henni veröld, með spáný og fersk augu og galopinn huga og hjarta. Því hefur til dæmis verið sagt að heimspeki, það er leitin að þekkingu og vísku, hefjist „í undrun, en undrun hefst í barninu“.⁴⁹ Það er ekki síst það einfalda og frumstæða í lífinu sem vekur athygli og undrun barna. Líkamleg skynjun; sjón og snerting, bragð og angan, hljóð og litir. Ósegjanlegur dimmblámi dýragrassins, sólguía fellafílsins eða haustroði gljámisþilsins, svo dæmi séu nefnd. Bein og milliliðalaus kynni af hvers kyns jarðlegum verum, efnum og öflum; vatni, eldi, grjóti, sandi, drullu,

⁴⁶ Sama rit, bls. 83.

⁴⁷ Bandaríski sálfræðiprófessorinn Dacher Keltner skilgreinir lotningu (e. *awe*) sem þá tilfinningu að standa andspænis einhverju gríðarstóru sem er núverandi skilningi manns á veröldinni ofvaxið. Samkvæmt Keltner eru ung börn í nánast stöðugu lotningarástandi þar sem allt er svo nýtt fyrir þeim. Sé það rétt gildir það ekki síður um auðmýkt, enda sýna orð Keltners að um náskylda eiginleika er að ræða. Sjá Dacher Keltner, *Awe. The New Science of Everyday Wonder and How It Can Transform Your Life*, New York: Penguin Press, 2023, bls. 23 og bls. 108.

⁴⁸ Sjá nánar um þetta William Desmond, *The Voiding of Being. The Doing and Undoing of Metaphysics in Modernity*, Washington: The Catholic University of America Press, bls. 111.

⁴⁹ H. L. Parsons, „A Philosophy of Wonder“, *Philosophy and Phenomenological Research* 30/1969, bls. 84–101, hér bls. 101. Sjá einnig Jón Ásgeir Kalmannsson, „Upphaf og ástríða heimspekinnar. Um mikilvægi undrunar í hugsun og siðferðisskilningi“, *Netla. Sérít* – 2016.

og svo má áfram telja.⁵⁰ Aftur er Chesterton sá sem hefur hvað athyglisverðustu hlutina að segja um þetta atriði. „Ein dýpstu heimspekilegu sannindi sem eru nær einskorðuð við börn er þessi ást á hlutunum, ekki vegna nytsemi þeirra eða uppruna, heldur vegna þeirra eigin innbyggðu eiginleika, ást barnsins á seiglu viðarins, bleytu vatnsins, hinum tilkomumikla sáþ-leika sápu“.⁵¹ Barnið hefur með öðrum orðum *unún* af því að vera í beinni snertingu við eðlislæga eiginleika hlutanna og þekking þess á heiminum er að því skapi dýpri og innilegri en flestra hinna fullorðnu. Í bréfi sem Chesterton skrifaði sem ungur maður lýsir hann vel þessum hæfileika barnsins til að tengjast hlutunum sjálfum, þegar hann lýsir sjálfum sér: „Ég held að það sé enginn sem nýtur þess af eins miklum ákafa og ég að hlutirnir séu þeir sjálfir. Furðulegur blautleiki vatns æsir mig og ölvar, stálleiki stáls, ólýsanlegur aurleiki aurs“.⁵² Það mætti halda að Chesterton sé hér að lýsa sér skælbrosandi sitjandi í drullupolli við drullumall. Um leið er eitthvað óvenjulega heimspekilegt við orð hans, eins og hann, eða barnið í honum, sé í beinni og innilegri þekkingarlegum tengslum við eðli eða inntak þessara jarðar-efna en gengur og gerist.⁵³

⁵⁰ Enski listsagnfræðingurinn, ljóðskáldið, bókmenntagagnrýnandinn og heimspekingurinn Herbert Read veltir því fyrir sér hvort eina raunverulega lífsreynslan sé sú sem er mörkuð næmi okkar fyrstu kynna (e. *virgin sensibility*), „svo við heyrum tón aðeins einu sinni, sjáum lit eingöngu í eitt skipti, sjáum, heyrum, snertum, brögðum, og lyktum allt bara þegar við skynjum það fyrst. Allt lífið er endurómur okkar fyrstu skynjana ...“. Sjá Herbert Read, *Innocence and Experience*, London: Faber & Faber, 1946, bls. 19.

⁵¹ G.K. Chesterton, *Twelve Types*, Glasgow: Good Press, 2022, bls. 47. Athyglisvert er að bera þessi orð Chestertons saman við hið kunna upphaf á *Frumspeki* Aristótelesar, 980a21: „Þekkingarþrá er öllum mönnum í blóð borin. Það er til marks um þessa þrá að við unnum skilningarvitum okkar; við unnum þeim þeirra sjálfra vegna, óháð allri nytsemi, og einkum sjóninni“. Sjá Aristóteles, *Frumspeki I*, þýðandi Svavar Hrafn Svavarsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1999, bls. 41.

⁵² Maisie Ward, *Gilbert Keith Chesterton*, Lanham: Rowman & Littlefield Publishers, 2006, bls. 37.

⁵³ Að setja barnslega ást á hlutunum og unún af því að skynja þá í samhengi við heimspeki og þekkingu samræmist fornum skilningi. Eins og bandaríski heimspekingurinn D.C. Schindler bendir á skilja fornir heimspekingar á borð við Platon og Aristóteles þekkingarþrána í grunninn sem þrá eftir *innilegu sambandi* (e. *intimacy*) við veröldina. Fyrsti vitnisburður um þetta innilega samband er unún okkar af því að skynja veröldina, sem gefur til kynna sjálfsprotinn áhuga okkar á hlutunum og djúpa „virðingu fyrir sönnum kjarna hlutanna“ (e. „*respect for the true inwardness of things*“), sem aftur er kjarni heimspeki eða viskuástar. Eitt dæmi sem Schindler tekur um lifandi, heimspekilega ást á og virðingu fyrir eigin veru og vígt hlutanna er ættað úr heimi iðnaðarmanna: „Smiður sem ann vinnu með við, sem nýtur þess að handleika og finna áferð viðarins, sem gætir þess að smíða gripi sem hafa gildi en vinnur ekki aðeins fyrir budduna, er í þessum skilningi heimspekilegur ...“. Sjá D.C. Schindler, *Love and the Postmodern Predicament. Rediscovering the*

Börn hafa líka næmara auga fyrir undrum og stórmerkjum hversdagslegra fyrirbæra eins og þegar tvö dýr gjörólík í útliti eru samt sama tegund, sólarjosið varpar skuggum á vegg, eða fólk ræðir hvert við annað! Þá eru þau iðulega skarpskyggn á grundvallarstaðreyndir lífheimsins eins og þær að þrösturinn á greininni og blágresið í brekkunni eru *lifandi*, eða að lambið sem var lifandi í morgun er skyndilega *dáðið*. Einföld sannindi af þessu tagi orka iðulega sterkt á börn, vekja spurningar þeirra og heilabrot, og nista jafnvel hjarta þeirra. Hugur þeirra ber ekki sömu brynju og hugur hinna fullorðnu, þau eru berskjaldaðri sálir og þess vegna opnari fyrir hráum sársaukanum sem hrjúfur veruleikinn getur valdið. Áðurnefnd Cora Diamond nefnir dæmi af barni sem er sýnd mynd af afa sínum, sem það veit að er látinn, og spyr „hvers vegna er hann brosandi ef hann er dáinn?“.⁵⁴ Fullorðnum kann að finnast slíkar spurningar bæði barnalegar og kjánalegar, en það er ekki víst að svör þeirra við þeim snerti á ráðgátunni sem barnið skynjar, og varðar leyndardóm lífsins og þann erfiða veruleika að ástvinir okkar deyja.

Þetta dregur einnig fram að börn hafa í einlægni sinni litla þörf fyrir að breiða yfir þekkingarleysi sitt, ólíkt fullorðnum sem sjá sig oftar í því hlutverki að eiga svör og vita betur. Í þeim skilingi eiga þau auðveldara með að feta í fótspor heimspekingsins Sókratesar, sem er ef til vill barnslegastur allra heimspekingsa, þar sem hugsun hans einkennist í ríkum mæli af vissu sakleysi hvað varðar þekkingu, það er honum er sú hneigð eiginleg og sjálfsprottin að telja sig ekki vita það sem hann ekki veit. Börn hafa að sama skapi yndi af að glíma við hvers kyns gátur, líkt og Bilbó Baggi í *Hobbitanum* eftir J.R.R. Tolkien, og lifa einatt og hrærast í djúpri, brennandi *spurn* um eitt eða annað, ekki síst um grundvöll tilverunnar, uppruna hennar, merkingu og tilgang.⁵⁵ Þau eru því móttækileg fyrir *dýptarvöld* tilverunnar, sem þýsk-bandaríski heimspekingurinn Paul Tillich segir að hinn vestræni maður hafi glatað. Hann taki djúpa spurn af þessu tagi ekki lengur alvarlega, veiti sér ekki lengur tóm til að gefa henni gaum, því „hver andrá er fyllt af einhverju sem þarf að gera eða sjá eða segja eða skipuleggja“.⁵⁶ Spurn barnsins og þrá þess eftir að vita er á hinn bóginn til vitnis um að veruleiki

Real in Beauty, Goodness and Truth, Eugene: Cascade Books, 2018, bls. 27.

⁵⁴ Cora Diamond, „The Difficulty of Reality and the Difficulty of Philosophy“, *Partial Answers* 1/2003, bls. 1–26, hér bls. 1.

⁵⁵ Um eðli spurninga og listina að spyrja sjá Jón Ásgeir Kalmansson, „Listin að spyrja“, *Netla. Framtíð og tilgangur menntunar. Sérít til heiðurs Jóni Torfa Jónassyni, prófessor emeritus*, 2022.

⁵⁶ Paul Tillich, „Invocation. The Lost Dimension in Religion“, *The Essential Tillich*, ritstjóri F. Forrester Church, Chicago: The University of Chicago Press, 1999, bls. 1–8, hér bls. 3.

þess er opinn og leyndardómsfullur. Hið þekkta, kunnuglega og stýranlega hefur enn ekki borið dulmagn bernskunnar ofurliði.

Þetta síðastnefnda vekur máls á enn annarri „barnslega einfaldri“ staðreynd sem ekki fer fram hjá vökulli athygli barnanna, en það er sjálf tilvistin; vera hlutanna. Vart er hægt að hugsa sér almennari og augljósari staðreynd en þá að hlutirnir *eru*. Ekkert er af þeim sökum auðveldara að ganga að sem gefnu og líta (niður) á sem sjálfsagðan hlut. Hér má færa fyrir því rök að viska barnsins risti dýpra en hins fullorðna. Franski heimspekingurinn Jacques Maritain talar í þessu sambandi um „alvörubungann í augnaráði barnsins“ sem „virðist einfaldlega furðu lostið *að vera*, og dæmir sem léttvægt allt okkar tilgangslausa hagsmunapot“. ⁵⁷ Í svipuðum dúr heldur Chesterton því fram, í bók sinni um miðaldaheimspekinginn Tómas frá Aquino, að barnið hafi, löngu áður en það getur orðað slíka hluti, skýra vitund um tilvistina: „Löngu áður en það veit að gras er gras, eða sjálf er sjálf, þá veit það að eitthvað er eitthvað“, eða með öðrum orðum „barnið áttar sig á *Ens*“ (*Ens* er latneska orðið yfir „vera“). ⁵⁸ Chesterton segir að erfitt sé að koma þessu barnslega einfalda innsæi í *veruna* í orð en: „Ef til vill væri best að segja með ríkri áherslu (með því að berja í borðið), „Það *er* er““. ⁵⁹ Orðin innan svigans eru dæmi um glettna alvöru Chestertons. Þau vekja eðlilega upp spurninguna: Ef maður er ekki gagntekinn, í hráum ugg og ótta, andspænis dulmagnaðri tilvistinni, hvernig gæti þá bank í borðplötuna mögulega hjálpað manni að öðlast það innsæi? Og þó er duglegt högg í borðið á einhvern barnslega einlægan og hlægilegan hátt viðeigandi þegar reynt er að koma á framfæri þeirri hyldjúpu hugsun að er svo furðulega *er*.

Næm skynjun barnsins á það *hvernig* hlutirnir eru og *að* þeir eru, er dæmi um upprunalega reynslu, beint og innilegt samband við heiminn, sem geðlæknirinn, taugavísindamaðurinn og heimspekingurinn Iain McGilchrist tengir við „líkamlega og innsæislega vitund um veröldina“, þegar við skynjum hana sem eina órofa heild sem við tengjumst og tilheyrum og hún er fyllilega „nærverandi“ fyrir okkur. ⁶⁰ Hann ber beint og milliliðalaust samband af þessu tagi saman við annars konar tengsl við heiminn, þegar við reidum okkur meira á „huglægar myndir“ (e. *mental representation*) af honum. Þessar huglægu myndir eru eins konar milliliður eða *landakort* sem við komum okkur smám saman upp af veruleikanum

⁵⁷ Jacques Maritain, *Creative Intuition in Art and Poetry*, Princeton: Princeton University Press, 1953, bls. 372.

⁵⁸ *Oxford Latin Dictionary*, Oxford: At the Clarendon Press, 1968, bls. 1865.

⁵⁹ G.K. Chesterton, *Saint Thomas Aquinas*, New York: Image Books, 1956, bls. 166.

⁶⁰ Iain McGilchrist, *The Matter With Things. Our Brains, Our Delusions and the Unmaking of the World*, London: Perspectiva Press, 2021, bls. 373.

til dæmis í formi flokkana, skoðana, túlkana, hugtaka og hugmynda. Þegar við vöxum úr grasi höfum við tilhneigingu til að reiða okkur æ meira á huglægt kort af þessu tagi og þess vegna verður veröldin að sama skapi „minna nærverandi eftir því sem við eldumst“.⁶¹ Reynsla okkar verður æ meira „formelt“ og „þökkuð í umbúðir“ fyrir fram dóma og hugtaka „sem verja okkur fyrir lotningarvekjandi veruleikanum“, og gera hann um leið á einhvern hátt óraunverulegri og brota-kenndari fyrir okkur.⁶² McGilchrist álitur að þrátt fyrir margvíslega gagnsemi þess að reiða sig á huglægar myndir af þessu tagi þá bendi margt til að sú tilhneiging sé nú komin út í hreinar öfgar í siðmenningunni.⁶³ Hér er barnið okkur nauðsynlegt mótvægi og leiðarljós því það hefur enn ekki komið sér upp vopna-búri alls kyns almennra hugmynda og kenninga um veröldina, jafn nytsamlegar og þær oft eru. Þess vegna er það barnið sem í ævintýri H. C. Andersen, *Nýju fötin keisarans*, segir blátt áfram um keisarann, „En hann er ekki í neinum fötum“.⁶⁴ Það hefur enn ekki lært að treysta meira á fyrir fram gefin hugtök og dóma, við-tekna skoðun eða hugmyndafræði, en á vitnisburð skynfæranna og heilbrigða skynsemi.

Í þessu ljósi má segja að undrun sé sú *dygd* sem er hve mest vöntun á nú um stundir.⁶⁵ Hún er góður og eftirsóknarverður eiginleiki í fari manneskju, sem birtist í tilhneigingu til að veita hinu undraverða í tilverunni athygli, kunna að meta það og bregðast vel við því. Undrunin tilheyrir flokki dygða sem bandaríski

⁶¹ Sama rit, sama stað.

⁶² Hér má vitna til orða pólsk-bandaríska guðfræðingsins Abrahams Joshua Heschel í þá veru að „framþróun siðmenningarinnar fylgir nær óhjákvæmilega hnignun undrunarinnar“, sjá *Man Is Not Alone*, New York: Farrar, Straus and Giroux, 1979, bls. 37. Að dómi Heschel er undrunin sálargáfa sem við beitum til að „laga huga okkar að veröldinni“, sama rit, bls. 11. Hann telur að hnignun hennar sé „ógnvekjandi vísbending um hugarástand okkar. Mannkynið mun ekki farast vegna skorts á upplýsingum heldur aðeins vegna skorts á hæfileika til að meta dýrmæti hlutanna“, sama rit, bls. 37.

⁶³ Annað dæmi um nýlega umræðu vísindamanna um mikilvægi beinnar reynslu af veröldinni og hættur of mikillar fjarlægingar frá henni er að finna í bók þeirra Adams Frank, Marcelos Gleiser og Evans Thompson, *The Blind Spot. Why Science Cannot Ignore Human Experience*, Cambridge: The MIT Press, 2024. Sjá einnig Paul Tyson, „Is science the theology of modernity?“, *New Directions in Theology and Science*, ritstjórar Peter Harrison og Paul Tyson, London: Routledge, 2022, bls. 115–135.

⁶⁴ H. C. Andersen, *Prinsessur og þrakkarar. 20 ævintýri eftir H. C. Andersen*, þýðandi Kristján Jóhann Jónsson, Reykjavík: Mál og menning, 2025, bls. 90.

⁶⁵ Kristján Kristjánsson ræðir um undrun sem vitsmunalega dygd í kaflanum „Scientific Practice, Wonder and Awe“, *Virtue and the Practice of Science*, ritstjórar Celia Deane-Drummond, Thomas A. Stapleford og Darcia Narvaez, Center for Theology, Science, and Human Flourishing, sótt 4. nóvember 2025 af <https://pressbooks.pub/virtueandthepracticeofscience/chapter/scientific-practice-wonder-and-awe/>.

heimspekingurinn David McPherson nefnir takmarkadygðir (e. *virtues of limits*), en til þeirra telur hann dygðir á borð við auðmýkt, lotningu, hófsemi, nægjustemi, náungakærleik og hollustu.⁶⁶ Þetta eru dygðir sem einkennast af djúpum skilningi á takmörkunum okkar og styrk til að hafa hemil á tilhneigingu okkar til að þenja út sjálfið, drottna yfir hlutunum, og „leika Guð“. Eins og við sáum að framan er auðmýktin einmitt sú tilhneiging manneskju að gera sig smáa svo hún geti tekið á móti mikilfengleik hlutanna. Hið sama má segja um undrunina; skyndilega gleymum við sjálfum okkur og undrið sem við blasir á hug okkar allan. Gott dæmi um slíka undrunarreynslu er lýsing breska heimspekingisins Iris Murdoch á því þegar hún stendur full af kvíða og gremju við gluggann, ef til vill vegna einhverra meintra ávirðinga annarra, og án þess að taka eftir umhverfinu:

Svo sé ég skyndilega sveimandi turnfálka. Á augabragði er allt breytt. Gruflandi sjálfið með sína særðu hégómagirnd er horfið. Nú er ekkert nema turnfálki. Og þegar ég fer að hugsa aftur um hitt málið þá virðist það ekki svo mikilvægt.⁶⁷

Reynslan sem Murdoch lýsir hér – þegar sjálfið gufar upp og ekkert er nema það sem hugurinn er altekinn af – er kunnuglegur hluti af hversdagslífi flestra, þótt við veitum henni ekki endilega mikla athygli. Hún er það sem getur gagntekið fólk þegar það horfir hugfangið á kappleik, gengur frá sér numið um tilkomumikið landslag, eða virðir heillað fyrir sér málverk mikils meistara. Að rækta með sér undrun sem dygð er að veita slíkri upplifun eftirtekt, hafa sérstakar mætur á henni, og reyna að rækta afstöðu til veruleikans í anda hennar.

Á hinn bóginn er undrun ekki aðeins reynsla af því að sjálfið verður skyndilega „ekkert“ heldur er hún líka, eins og við höfum þegar vikið að, furða yfir að eitthvað skuli vera fremur en ekki neitt. Í raun má því segja að undrun byggist á því að maður hafi *engar* væntingar, búist ekki við *neinu*, geri ráð fyrir að *ekkert* sé hið eðlilega ástand, og geti því tekið við hreinlega öllu sem óvæntri ánægju og hnossi. Enn er gagnlegt að taka dæmi frá G.K. Chesterton til skýringar. Chesterton segir í sjálfsævisögu sinni að hann hafi, eftir að hafa um tíma sem ungur maður komist í tæri við tómhyggju og bölsýni, smám saman byrjað að móta sér sína eigin jákvæðu veruleikasýn: „Hún var efnislega á þessa leið; jafnvel einskær tilvistin, í sinni einföldustu mynd, var nógu furðuleg (e. *extraordinary*) til að vera spennandi. Allt var stórkostlegt í samanburði við ekkert“.⁶⁸ Chesterton brást með

⁶⁶ David McPherson, *The Virtues of Limits*, Oxford: Oxford University Press, 2022.

⁶⁷ Iris Murdoch, *Existentialists and Mystics*, New York: Penguin Books, 1997, bls. 369.

⁶⁸ G.K. Chesterton, *The Autobiography of G.K. Chesterton*, bls. 100.

öðrum orðum við tómhyggjunni sem ásótti hann – þeirri martraðarkenndu og tröllslegu lífssýn að allt sé á endanum merkingarlaust og einskis virði – með því að snúa tóminu á hvolf, ef svo má segja, það er nota samanburðinn við „ekkert“ til að magna upp vitundina um nærveru alls sem er og skerpa næmi sitt á dýrmæti verunnar.⁶⁹ Þetta „ekkert“ afhjúpar nefnilega að það magnaðasta og áhrifamesta við hlutina er – að þeir eru *raunverulegir*! Líkt og hinn stærðfræðilegi núll-punktur auðmýktarinnar opinberar fyrir okkur *stórfengleika* allra hluta er tómið sá sjónarhóll á tilvistina sem afhjúpar fyrir okkur makalaust undur hennar. Og eins og víkið hefur verið að er ein ástæðan fyrir því að þessi sjónarhóll „óverunnar“ er mikilvægur sú að veraldarvönu (fullorðnu) fólki hættir til að verða svo samdauna tilvistinni að það kann ekki að meta hana, líkt og fiskar sem kunna ekki að meta vatnið sem þeir synda í. Við þurfum með einhverju móti að geta fengið fjarlægð á veruna til að sjá hana í réttu og fersku ljósi. Og eini sjónarhóllinn sem getur gefið samanburð við og fjarlægð á *veruna* sem slíka er – *ekkert*. Í bók sinni *Orthodoxy* lýsir Chesterton þessum sjónarhól á veruleikann með ýmsu móti; hann talar til dæmis um *grundvallarundrun* (e. *elementary wonder*);⁷⁰ *dulmagnsandann* (e. *the mystical condition*);⁷¹ og síðast en ekki síst segir hann að þegar hann hafi tileinkað sér þennan sjónarhól hafi hann gengið um „dyr allar góðrar heimspeki“ og orðið *barn í annað sinn* (e. *my second childhood*).⁷² Allt vísar þetta orðalag til þess barnslega innsæis að tilvistin sjálf sé það furðulegasta, ótrúlegasta og leyndardómsfyllsta af því öllu og að lífssýn og heimspekileg hugsun sem ekki tekur það með í reikninginn sé ófullburða og vanþroska. Til að lýsa þessu innsæi notar Chesterton líka orðasambönd eins og *heimspekimáti ævintýra* (e. *the philosophic manner of fairy tales*);⁷³ *siðfræði álfheima* (e. *ethics of elfland*);⁷⁴ og *lífsspeki álfagudmóðurinnar* (e. *fairy godmother philosophy*).⁷⁵ Hann gæti vart valið orðalag sem vekur meiri tortryggni hjá mörgu alvarlega þenkjandi fullorðnu fólki, enda telja margir víst að þótt ævintýri séu ef til vill ágætis skemmtun fyrir börn þá séu þau fyrst og fremst ósannar sögur. Chesterton er á hinn bóginn fúlasta alvara með því að

⁶⁹ Írski heimspekingurinn William Desmond fjallar á athyglisverðan hátt um „viðsnúning tómsins“ í heimspeki sinni, til dæmis í umræðu sinni um afturhvarf til núllsins (e. *return to zero*), en það hugtak felur meðal annars í sér að til að opnast fyrir gnægð þess sem er fyrir utan hann getur hugurinn þurft að örvænta um eigin getu til að ákvarða alla hluti, og verða sem ekkert. Sjá William Desmond, *God and the Between*, Oxford: Blackwell, 2008, bls. 28–32.

⁷⁰ G.K. Chesterton, *Orthodoxy*, Chicago: Moody Publishers, 2009, bls. 54.

⁷¹ Sama rit, bls. 60.

⁷² Sama rit, bls. 134.

⁷³ Sama rit, bls. 53.

⁷⁴ Sama rit, bls. 48.

⁷⁵ Sama rit, bls. 56–57.

lýsa veruleikanum sem ævintýri og náttúrulegum atburðum með orðum ævintýranna, eins og galdur (e. *charm*), álög (e. *spell*) og töfrar (e. *enchantment*). Ævintýri gefa okkur dýpri innsýn í eðli veruleikans en kenningar margra „lærðra manna með gleraugu“.⁷⁶ Því ævintýri segja frá því að epli séu gullin til að rifja upp þá gleymdu stund þegar við komumst að því sem börn að þau eru rauð. Chesterton telur raunar af þessum ástæðum að óþarft sé að lesa ævintýri fyrir mjög ung börn, síst sé verra að lesa fyrir þau raunsæisbókmennir, því þeim finnst hversdagslegir atburðir hvort sem er ævintýrlegir. Það eru fremur við, hin stálpuðu og fullorðnu, sem erum í þörf fyrir ævintýri – þau okkar sem hætta til að líta á algenga hluti og atburði sem sjálfsagða eða jafnvel nauðsynlega, sem „hlekkir í orsakakeðju“, eða eitthvað álíka.⁷⁷ Þar geta ævintýrin hjálpað okkur, því þau rifja það upp fyrir okkur að þegar egg breytast í fugla eða ávextir falla af trjám þá jafnast undrið á við það þegar álfaguðmóðirin breytir músum í hesta.

Því má bæta við að þessi nánú tengsl milli undrunar annars vegar og óveru eða „neindar“ hins vegar eiga sér ýmsar birtingarmyndir í hugmyndasögunni. Þannig má til dæmis skilja kenningu kirkjunnar, sem mótaðist að verulegu leyti á annarri og þriðju öld eftir Krist, um að Guð hafi skapað veröldina úr engu, *creatio ex nihilo*, í þessu ljósi. Samkvæmt umfjöllun bandaríska heimspekingins og guðfræðingsins Brians D. Robinette er þessu hugtaki ekki ætlað að vera vísindaleg tilgáta um upphaf alheimsins heldur fremur lifuð og íhugul viðurkenning okkar á því að ekkert er nauðsynlegt eða sjálfsagt, hvorki okkar persónulega tilvist né vera alheimsins sem slík. Þetta er dýpsta merking orðsins *sköpun*; í hverri andrá hefði ekki þurft að vera neitt – en það er! Við erum því kölluð til lífssýnar og lífsmáta sem metur að verðleikum og er djúpt snortinn af þeim magnaða veruleika og ótrúlegu gjöf að í hverri andrá „sprettur eitthvað af engu“.⁷⁸ Eða að hætta Chestertons: Við metum hlutina réttilega þegar við sjáum þá líkasta ómetanlegu góssi sem á hverri stundu hefur naumlega verið bjargað úr sjávarháskan.⁷⁹

⁷⁶ Sama rit, bls. 52.

⁷⁷ Í *Walden* eftir Henry David Thoreau standa þessi orð: „Ef menn hefðu augun á raunveruleikanum og létu ekki blekkjast, yrði lífið eins og í ævintýrunum eða veislum í *Þúsund og einni nótt* ... Asalaus og skynsöm skiljum við að einungis hið stórfenglega og virðingarverða hefur varanlegan og afdráttarlausan sess í tilverunni ... [Raunveruleikinn] er alltaf örvandi og mikilfenglegur ... Börn sem líkja eftir lífinu í leikjum sínum skynja hin sönnu lögmál þess og samskipti betur en fullorðið fólk sem lifir ekki með fullri reisu en heldur að það sé vitrara vegna reynslu sinnar, það er að segja vegna mistaka sinna“. Sjá Henry David Thoreau, *Walden*, þýðendur Elísabet Gunnarsdóttir og Hildur Hákonardóttir, Reykjavík: Dimma, 2017, bls. 104–105.

⁷⁸ Brian D. Robinette, *The Difference Nothing Makes*, Notre Dame: University of Notre Dame Press, 2023, bls. 44.

⁷⁹ G.K. Chesterton, *Orthodoxy*, bls. 62.

Við höfum nú séð hvernig undrunin er samofin barnæskunni og jafnframt hvernig hún er nátengd beinni reynslu, ekki síst skynjun á því einfalda og algenga í veröldinni. Eins og tvíburasystir hennar auðmýktin er hún grundvallardygð, sá eiginleiki að geta séð og dvalið í nærveru hlutanna, og kunnað að meta mikilvægi þeirra. Líkt og auðmýktin tengist hún sjónarhorni „hins óverulega“ á veröldina sem opinberar hana sem óvænta ánægju, upp úr þurru, ef svo má segja. Eins og ég mun víkja betur að á eftir er það einmitt slíkur eiginleiki og geta til að *sjá* sem ýmsir hugsuðir hafa frá fornu fari tengt við fullan þroska manneskjunnar. Chesterton hvetur fólk til að gerast „íþróttamenn augans“ (e. *ocular athletes*).⁸⁰ Sú íþrótt virðist á undanhaldi nú um stundir. Að minnsta kosti segir þýski heimspækingurinn Josef Pieper að andlegri getu mannsins til að *sjá* fari hnignandi.⁸¹ Sé það rétt eykur það einungis erindi barnslegrar undrunar á okkar tímum. Við snúum okkur nú að þriðja þema þessarar hugleiðingar um barnæskuna sem þroskahugsjón, en það er leikurinn.

Leikur

Menntaheimsþækingurinn David Kennedy segir í umfjöllun sinni um bernskuna að leikur sé *modus operandi* barna, sem ef til vill mætti útleggja sem svo að börn lifa og hrærast í leik.⁸² Leikur er meginháttur þeirra á að nálgast veröldina. Leikur barna er líka fyrirmyndin að öllum leik, ef svo má að orði komast; hann sýnir okkur hvað það þýðir að leika sér. Eða eins og hollenski sagnfræðingurinn Johan Huizinga kemst að orði í sígildri bók sinni um leik-manninn, *Homo Ludens*, „til að leika sér í raun og veru verður maður að leika sér eins og barn“.⁸³ Kennedy bendir á hinn bóginn á að ýmsir hugsuðir hafi einnig talið að leikur sé æðsta þroskastig manneskjunnar. Hann vitnar til dæmis í þýska skáldið Friedrich Schiller sem segir í riti sínu um fagurfræðilegt uppeldi mannsins: „það er einmitt leikurinn og leikurinn *einn* sem er eina ástandið og einustu aðstæður mannsins sem gera hann heilan“.⁸⁴ Til að leggja sérstaka áherslu á þetta atriði endurtekur

⁸⁰ G.K. Chesterton, *Tremendous Trifles*, bls. 4.

⁸¹ Josef Pieper, *Only the Lover Sings*, þýðandi Lothar Krauth, San Francisco: Ignatius, 1990, bls. 31.

⁸² David Kennedy, *The Well of Being*, Albany: State University of New York Press, 2006, bls. 54.

⁸³ Johan Huizinga, *Homo Ludens. A Study of the Play-Element in Culture*, Mansfield Centre, CT: Martino Publishing, 1950, bls. 199.

⁸⁴ David Kennedy, *The Well of Being*, bls. 55. Sjá Friedrich Schiller, *Um fagurfræðilegt uppeldi mannsins*, þýðendur Arthúr Björgvin Bollason og Þröstur Ásmundsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2006, bls. 159, leturbreyting í frumtexta.

Schiller raunar sömu hugsun skömmu síðar þegar hann segir: „maðurinn leikur sér aðeins þegar hann er manneskja í orðsins fyllstu merkingu, og *hann er aðeins heill maður þegar hann leikur sér*“.⁸⁵ Barnið, leikurinn og þroskinn eru svo öll hnýtt saman í stuttu og laggóðu orðspjóti Friedrichs Nietzsche: „Manndómsþroski: það er að hafa fundið aftur alvöruna sem maður bjó yfir sem barn að leik“.⁸⁶

Hvað réttlætir að eigna leiknum, þessum veruhætti barnsins, svo háan sess í mannlegum þroska? Í þessu sambandi má benda á það einkenni leiksins sem Huizinga dregur vel fram í *Homo Ludens*: Leikur er til vitnis um *frelsi* mannsins því hann er sem slíkur fús og frjáls virkni manneskjunnar; hann er sjálfsprottin virkni hennar, spunnin af fingrum fram, í gagnvirkum tengslum við tilteknar aðstæður, reglur og takmörk. Leikurinn er með öðrum orðum hvorki knúinn áfram af blindri nauðsyn eða eðlishvöt né þjónar hann tilgangi utan sín, ef svo má að orði komast. Hann miðar ekki að hinu nytsamlega eins og að ná persónulegum metnaði í einkunnum, launum eða frama, eða efla efnahaginn, fullnægja félagslegum væntingum, pólitískum markmiðum, og svo framvegis.⁸⁷ Leikir eru vissulega margvíslegir og margir þeirra gegna lykilhlutverki í að undirbúa ungviðið til þátttöku í krefjandi lífsbaráttu og þroska það í flóknum félagslegum samskiptum; þeir efla til dæmis keppnisanda, þolgæði og viðnámsþrótt en þjálfá líka samvinnu og samkennd. Það breytir því þó ekki að maður leikur sér ekki af því maður þarf, verður eða vill ná einhverjum slíkum markmiðum. Börn leika sér eingöngu leiksins vegna, af því það er *gaman*.⁸⁸ Þess vegna er leikurinn frjáls virkni sem fyrst og fremst hefur gildi í sjálfu sér; hann felur í sér sína eigin tegund af alvöru, gleði, fegurð, merkingu og dýpt, sem á stundum getur svo gagntekið okkur að verkefni daglegs lífs virðast léttvæg í samanburði. Á hinn bóginn væri fráleitt að segja að leikurinn hafi enga menningarlega þýðingu. Huizinga telur raunar að leikurinn sé í senn upphaf og drifkraftur sjálfrar siðmenningarinnar. Hún „sprettur ekki af leik eins og barn sem skilur sig frá móðurkvið: Hún verður til í og *sem* leikur, og segir aldrei skilið við hann“.⁸⁹ Léki fólk sér til dæmis ekki að

⁸⁵ Sama rit, bls. 160, leturbreyting í frumtexta. Chesterton orðar svipaða hugsun: „Með góðum rökum má halda því fram að hinn sanni tilgangur alls mannlífsins sé leikur. Jörðin er verkefnagarður; himininn er leikvöllur. Að hvíla í svo öruggu sakleysi að maður geti leikið við alheiminn og stjörnur, að vera svo góður að maður geti umgengist allt sem gaman – það kann að vera hið raunverulega markmið og endanlega orlof mannssálarinnar“. Tilvitnun í Brian P. Gillen, *A Theology of Wonder. G.K. Chesterton's Response to Nihilism*, Leominster: Gracewing, 2015, bls. 60.

⁸⁶ Friedrich Nietzsche, *Handan góðs og ills*, bls. 191.

⁸⁷ Johan Huizinga, *Homo Ludens*, bls. 7.

⁸⁸ Sama rit, bls. 8.

⁸⁹ Sama rit, bls. 173.

orðum, myndhverfingum og hugtökum hefðum við ekki tungumál, skáldskap og ljóðlist; án leiks að hlutum, hugmyndum og tilgátum hefði leitin að þekkingu og sannleika aldrei náð að festa rætur, og svo mætti áfram telja. Hvað siðmenn-inguna varðar kemur leikurinn fyrst og gagnsemin í kjölfarið.

Sé frelsi leiksins haft í huga ættu orð Schillers og ýmissa annarra um ríkan þátt hans í þroska okkar, og í að gera okkur heil, ekki að koma á óvart. Leikurinn er veruháttur okkar þegar við höfum frelsi og tóm til að sinna því sem við höfum yndi af og er gaman. Hann er sú sálarvirkni sem kippir okkur út úr hinu nauðsynlega, hlutverki tannhjólsins í náttúru- og samfélagsvélinni ef svo má að orði komast, og gerir okkur mögulegt að þroskast og njóta okkar á eigin forsendum sem frjálsar og skapandi verur.⁹⁰ Leikurinn er þess vegna margslungnari virkni en bara sú sem við kennum beinlínis við leiki í daglegu tali, eins og feluleik, boltaleiki og borðspil. Hann er þáttur í allri frjálsri virkni, það er í virkni sem, eins og bandaríski heimspekingurinn og kaþólikinn James Schall orðar það, „er aldrei nauðsynleg en við gerum vegna hennar sjálfar, af einskærri gleðinni sem hún vekur“.⁹¹ Um leið tekur leikurinn og frjáls leiktengd virkni okkur út úr sjálfum okkur og stundlegum hagsmunum okkar og beinir athygli okkar um hríð að veröldinni; hvort sem við tökum þátt í eða horfum á kappleiki, leggjum stund á fuglaskoðun, njótum góðrar tónlistar, leitum hins sanna í heimspeki-legum samræðum, og þar fram eftir götum.

Eins og Schall bendir á er ein ástæðan fyrir því að heimspekingar á borð við Platon og Aristóteles telja leikinn göfuga iðju sú að „oft og tíðum komumst við næst hugleiðingu í lífi okkar þegar við leikum okkur“.⁹² Schall vitnar í því sambandi til latnesku orðanna *ludere est contemplari* – að leika sér er að hugleiða. Hugleiðing (g. *θεωρία*) er á hinn bóginn að dómi ofangreindra heimspekinga það besta sem við erum og gerum, sá verknaður sem ber „af öllum öðrum að sælu“.⁹³ Hún er sú sálarvirkni þegar við opnum augu okkar og huga fyrir veröldinni í öllum

⁹⁰ Greinarmunurinn á leiknum og hinu nauðsynlega felur ekki sem slíkur í sér lítilsvirðingu gagnvart því sem við gerum af nauðsyn, eins og vinnu. Hann minnir okkur á hinn bóginn á að lífið er annað og meira en bara vinna. Í því sambandi má til dæmis benda á að það boðorð Biblíunnar sem fjallar um vinnu segir okkur í raun að leggja hana til hliðar einn dag í viku til að geta lagt stund á það sem er henni mikilvægara. Greinarmunurinn á leik og vinnu er einnig opinn og fljótandi; sumir eru til dæmis þeirra gæfu aðnjótandi að vinna er þeim leikur eða hugleiðing. Það skiptir með öðrum orðum máli í hvaða anda og í þágu hvers vinna er unnin.

⁹¹ James V. Schall, *Far Too Easily Pleased. A Theology of Play, Contemplation and Festivity*, Washington, D.C.: The Catholic Education Press, 2020, bls. 37.

⁹² James V. Schall, *On the Unseriousness of Human Affairs*, Wilmington: ISI Books, 2001, bls. 2.

⁹³ Aristóteles, *Siðfræði Nikomakkosar*, 1178b.

sínum stórfengleika, virðum hana fyrir okkur, „kennum“ hennar og njótum.⁹⁴ Hér eru augljós tengsl við tvö fyrri þemun í umfjöllun okkar um barnæskuna sem þroskahugsjón, auðmýkt og undrun. Auðmýkt og undrun eru samofnar getunni til að taka þátt í þeirri frjálsu, leikandi, hugleiðandi virkni að virða fyrir sér hlutina, taka á móti þeim í einskærri veru þeirra, og njóta þeirra fyrir það sem þeir eru. Slík virkni er eins og leikurinn „tilgangslaus“ í þeim skilningi að hún þjónar engum öðrum (nytsamlegum) tilgangi; hún er tilgangur í sjálfu sér en um leið nátengd því besta í lífinu, tilgangi lífsins sjálfs. Hugleiðing er raunar að dómi forngrísku heimspekinganna „guðdómlegi þátturinn“ í okkur, einmitt vegna þess að hún felur í sér að „[koma] skyndilega auga á eitthvað sem er í eðli sínu undursamleg feegurð“, það er koma auga á hið mikilfenglega og guðdómlega sem blasir hvarvetna við augum sem kunna að sjá.⁹⁵

Megi tengja leikinn nánum böndum við hugleiðingu má ekki síður tengja hann við aðra göfuga tegund frjálsrar virkni – *ritúalið*. Ritúal er jafnan þýtt sem helgisiðir á íslensku en það mætti allteins íslenska sem *helgileikir*, að minnsta kosti ef marka má Huizinga sem segir að það sé „enginn formlegur munur á leik og ritúali“.⁹⁶ Gott dæmi um þennan skilning á nánum tengslum leiks og helgisiða, og mikilvægi þeirra í mannlegu lífi, birtist í orðum Apeningsins í samræðu Platons *Lögum*: „Hver er þá rétti lífsmátinn? Maður ætti að verja öllu lífi sínu við leiki – við að færa förnir, söng og dans“. Apeningurinn telur með öðrum orðum að lífinu sé best varið í fagra helgileiki og hátíðahöld á borð við förnir, söng og dans, Guði til dýrðar.⁹⁷ Huizinga bendir á að tónlist, söngur og umfram allt dans sé „alltaf á öllum tímum og hjá öllum þjóðum hreinn leikur, hreinasta og fullkomnasta form leiks sem til er“ og að slíkir leikir hafi verið náinn hluti helgi- og trúarhátíða gegnum tíðina.⁹⁸ Það er á hinn bóginn óvíst að þessi skilningur á helgisiðum og mikilvægi þeirra skiljist nú á dögum. Að minnsta kosti segir

⁹⁴ Hugleiðing er nátengd gríska hugtakinu *skole* eða „tóm“, hvaðan íslenska orðið „skóli“ er komið, sjá Jón Ásgeir Kalmansson, „Í góðu tómi. Um rætur orðsins skóli“, *Netla. Ársrit*, 2023.

⁹⁵ Platon, *Samdrykkjan* 210 E, þýðandi Eyjólfur Kjalar Emilsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1999, bls. 121.

⁹⁶ Johan Huizinga, *Homo Ludens*, bls. 10.

⁹⁷ Platon, *Lög* 803 e. Sjá *Plato. Complete Works*, þýðandi Trevor J. Saunders, Indianapolis: Hackett Publishing Company, 1997, bls. 1472. Rök Apeningsins fyrir þessari fullyrðing eru meðal annars þau að mannleg málefni verðskuldi ekki að vera tekin mjög alvarlega því mennirnir séu skapaðir sem „leikföng Guðs“, sem sé þeim mjög í hag. Guð eigi því að vera þeim efst í huga og með því að verja lífi sínu í friði við ofangreinda leiki þóknist þeir honum, og geti auk þess betur varist óvinum sínum og sigrað þá í orustu. Sjá *Lög* 803 b-e.

⁹⁸ Johan Huizinga, *Homo Ludens*, bls. 164.

Huizinga að „við nútímamenn höfum tapað skilningi á ritúali og helgum leik“ enda sé siðmenning okkar „lúin af aldri og of veraldarvís“.⁹⁹

Hvernig má þá skilja þetta háa álit á helgisíðum eða helgileikjum, sem því besta sem við tökum okkur fyrir hendur og ættum eftir fremsta megni að ástunda? Við höfum séð að við leikum okkur af því það er *gaman*. Leikurinn er því í eðli sínu barnslega glöð þátttaka í lífinu, frjáls lífsjátandi athöfn. Hann er því alger andstæða tómhyggjunnar sem minnst var á hér að framan, og líka tröllskaparins sem rætt var um, og lítur allt smáum augum. Skilja má helgisíði eins og þá sem Aþeningurinn nefnir í ljósi hinnar frjálsu, lífsjátandi virkni leiksins, en í *öðru veldi*, ef svo má að orði komast. Þegar við leikum okkur í helgileikjum af þessu tagi þá játum við af lífi og sál, með orðalagi þýska heimspekingsins Josefs Pieper, að „*allt sem er, er í grunninn gott, og að það er gott að vera til*“.¹⁰⁰ Þátttaka okkar í helgisíðum og hátíðum er samkvæmt því leikandi verklegt samþykki okkar og þakklæti fyrir gjörsamlega *allt* – og *þrátt fyrir allt*. Með henni játum við ást okkar, trú og hollustu við lífið *alveg í botn*, ef svo má segja, það er alveg niður á sjálfan grundvöll og innsta kjarna tilverunnar. Eins og Pieper bendir á er þetta ástæða þess að í flestum trúarbrögðum er þakkar- og lofgjörðin kjarni helgihaldsins, samanber til dæmis altarisgöngu kirkjunnar sem nefnist *eukharistia* á grísku, það er þakklæti eða þakkargjörð. Þetta varpar þá jafnframt ljósi á þá skilyrðislausu staðhæfingu Schillers hér að framan að maðurinn sé *aðeins heill* maður þegar hann leikur sér. Það er ekki aðeins *heilbrig*t að leika sér, heldur er leikurinn og þakkargjörðin leið okkar til að taka *heilshugar* þátt í lífinu og hinu *heilaga*. Með hinu heilaga er meðal annars átt við leikandi sköpunarmáttinn sem skapar okkur og sjálfan veruleikann af svo furðulegu örlæti úr engu, og *heilar* okkur þegar við stillum strengi sálarinnar, í glöðum leik, í samhljómi við hann. Ástæðulaust er að ætla að helgileikir af þessu tagi eigi sér allt aðra forsendu en leikir barna; þeir séu í einhverjum skilningi alveg sérstakir leikir sem séu fyrst og fremst afurð og afleiðing fullorðinsáranna og hafi lítið með börn að gera. Öðru nær. Að svo miklu leyti sem helgisíðir varðveita leikeðli sitt á annað borð þá eru þeir barnslegt, leikandi og glaðvært samþykki og lof á sköpuninni og skapanum.

Það er við hæfi að enda þessa umfjöllun um leikinn, þennan veruhátt og visku barnsins, á hugmyndinni um að það besta sem við gerum sé að taka þátt í helgileikjum, til að færa heilögum kjarna og uppsprettu tilvistarinnar þakkir og lof. Í upphafi greinarinnar sáum við að það voru börnin, ekki hinir fullorðnu, sem sáu og kunnu að meta kraftaverk og guðdómlegt eðli Frelsarans. Í fullorðins-

⁹⁹ Sama rit, bls. 158.

¹⁰⁰ Josef Pieper, *In Tune with the World. A Theory of Festivity*, þýðendur Richard og Clara Winston, South Bend: St. Augustine's Press, 1999, bls. 26, leturbreyting í frumtexta.

heimi nútímans fer fólk oft en ekki hjá sér, eða fær „kjánahroll“ eins og góð kona sagði mér eitt sinn, þegar það þarf að sækja kirkju eða taka þátt í helgisíðum. Ef til vill geta börnin einnig hér kennt okkur fullorðna fólkinu að slaka aðeins á, losa takið á brynju kaldhæðninnar sem við berum svo gjarnan, og vera óragari við að taka þátt í, njóta og þakka það mikla og guðdómlega sjónarspil sem tilvistin og uppspretta hennar er. Þau geta þá ef til vill líka minnt okkur á að varast að líta of stórt á okkur, og á viðfangsefni okkar, afköst og afrek, eins og hætt er við ef við gerum sjálf okkur og öll okkar nytsamlegu markmið að þunga-miðju tilverunnar.¹⁰¹ Því það eru börnin sem kunna öðrum betur að lifa lífinu af hæfilegum léttleika, auðmýkt og ærslum, og að „sóa“ tíma sínum af áhyggju-lausu örlæti í „tilgangslausa“ en lífsjåtandi leiki.

Samtíminn og barnið

Í einni ritgerða sinna kemst bandaríski 19. aldar heimspekingurinn Henry David Thoreau svo að orði: „Við ættum að koma fram við eigin huga, það er við okkur sjálf, eins og saklaus og fölskvalaus börn, sem okkur hefur verið falið að vernda, og vera varkár hvaða hlutum og viðfangsefnum við þröngvum upp á athygli þeirra“.¹⁰² Orð hans vekja upp þá spurningu hvers vegna við skyldum fylla eigin huga, eitthvað frekar en huga barnanna okkar, af ýmsu léttmeti eða áróðri, þegar við lifum í svo fagurri og magnaðri veröld?¹⁰³ Það hefur á hinn bóginn mikið vatn runnið til sjávar síðan Thoreau hélt á penna. Spurningin sem ýmsir ræða upp á síðkastið er ekki aðallega sú hvers vegna við, fullorðna fólkið, komum ekki fram við sjálf okkur eins og saklaus og hreklaus börn. Hún er fremur sú hvers vegna við komum ekki lengur þannig fram við börnin. Dæmi um þetta er nýleg bók bandaríska félagssálfræðingsins Jonathan Haidt, en í henni ræðir hann „hvernig við klúðruðum“ barnæskunni eins og hann kemst að orði.¹⁰⁴ Hann rek-

¹⁰¹ Í þessu samhengi má minna á sögu Lúkasarguðspjalls 10.39-40, af systrunum Mörtu og Maríu, en sú fyrrnefnda lagði alla áherslu á „að veita sem mesta þjónustu“ og gramdist það þegar systir hennar María „settist ... við fætur Drottins og hlýddi á orð hans“.

¹⁰² Henry David Thoreau, „Life Without Principle“, *Thoreau. Collected Essays and Poems*, New York: The Library of America, 2001, bls. 348–366, hér bls. 362.

¹⁰³ Í umræðu sinni um athygli og auglýsingar segir James Williams: „Ef við teljum rétt að setja reglur um börn og auglýsingar er vert að spyrja þess hvers vegna við ættum ekki með svipuðum hætti að setja reglur um auglýsingar sem er beint að „barninu innra með okkur““. Sjá James Williams, *Stand out of our light. Freedom and resistance in the attention economy*, Cambridge: Cambridge University Press, 2018, bls. 122.

¹⁰⁴ Jonathan Haidt, *The Anxious Generation. How the Great Rewiring of Childhood Is Causing an Epidemic of Mental Illness*, New York: Penguin Press, 2024, bls. 20. Sjá gagnorða umfjöllun Atla Harðarsonar prófessors um bókina; „Snjallsímar og geðveiki meðal barna og ungling-

ur meðal annars hvernig versnandi andleg heilsa, kvíði og þunglyndi barna og ungmenna í Bandaríkjunum og víðar tengist annars vegar taumlítilli snjallsímanotkun þeirra í „netheimum“ og hins vegar ofverndun þeirra í „raunheimum“, sem hafi leitt til „reynsluþurrðar“ (e. „*experience blockers*“) þeirra. Barnæskan hafi á skömmum tíma umbreyst frá því að byggjast á leik (e. „*play-based childhood*“) – þar sem börn verja megninu af frjálsum tíma sínum augliti til auglitis við önnur börn í líkamlegum leik – yfir í eitthvað ómanneskjulegt, það er líf sem byggist á snjallsímanotkun (e. „*phone-based childhood*“).¹⁰⁵ Haidt nefnir ýmis áhrif sem þetta nýtilkomna skjálífi hafi á börn og ungmenni, til dæmis að það dragi úr líkamlegum, persónulegum og félagslegum samskiptum, ekki síst þátttöku í samfélagi og siðferðilegum tilgangi sem er stærri og mikilvægari en maður sjálfur; það minnki stórlega útiveru, ekki síst frjálsa útileiki barna með öðrum börnum, sem frá öndverðu hefur verið grundvöllur þroska þeirra og tengsla við náttúruna; það geri allt aðgengilegt alltaf og án fyrirhafnar sem drekki símnötendum í miklu magni af oft léttvægu eða niðurlægjandi efni sem dragi þá niður á „lægra plan“; það dragi úr einbeitingu og dreifi athyglinni, fylli lífið af áreiti og hávaða, og geri fólki erfitt að vera fyllilega til staðar fyrir aðra þegar það er með öðrum; það geri fólki hégómlegt með því að gera það upptekið af sjálfu sér, hvernig það birtist öðrum og hvað aðrir eru að hugsa um það, og það ali á dómhörku í garð annarra. Í stuttu máli má segja að margt í máli Haidts hnígi að þeirri niðurstöðu að hagnaðardrifin tækni- og samfélagsþróun síðustu ára hafi að minnsta kosti átt verulegan þátt í að gera líf barna snauðara af þeirri leik, undrunar- og dýptarvidd tilverunnar sem rædd hefur verið í þessari grein. Hún hafi stuðlað að því að gera unga sem aldna sjálfuppteknari, andlausari og lífsþreyttari.¹⁰⁶

Tilgangurinn með því að vekja athygli á bók Haidts að þessu sinni er ekki að halda því fram að hún geymi allan sannleikann um áhrif skjávæðingar síðustu ára á börn og unglina. Ýmsir hafa í ritdómum og skoðanagreinum gert at-hugasemdir við málflutning Haidts, til dæmis í þá veru að hann geri of mikið úr neikvæðum áhrifum snjallsíma- og samfélagsmiðlanotkunar á börn og unglina.¹⁰⁷ Á það verður ekki lagður dómur að þessu sinni en aðeins bent á að

ga, *Vísir*, 10. júlí 2024, sótt 4. nóvember 2025 af <https://www.visir.is/g/20242595366d/snjallsimar-og-ged-veiki-medal-barna-og-ung-linga>.

¹⁰⁵ Bók Haidts vekur meðal annars spurningar um „rétt hvers barns til barnæsku“ og til „að stunda leiki og skemmtanir“, sem er andinn í Barnasáttmálanum og baráttumál Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.

¹⁰⁶ Dæmi um verk sem kannar þessar hliðar nútímalífs er bók Andra Snæs Magnasonar, *Sagan af bláa hnettinum*, Reykjavík: Forlagið, 1999.

¹⁰⁷ Sjá til dæmis: <https://www.theguardian.com/books/article/2024/jun/15/im-an-expert-on-adolescence-heres-why-a-smartphone-ban-isnt-the-answer-and-what-we-should-do-instead>.

Haidt verður seint sakaður um að styðja mál sitt illa með rökum, rannsóknnum og gögnum. Hvað efni þessarar greinar varðar er á hinn bóginn athyglisvert að umræða hans um áhrif snjallsímavæðingar síðustu ára á hnignun barnæskunnar, og undrunarinnar og leiksins sérstaklega, kemur heim og saman við niðurstöður annarra fræðimanna sem hafa haldið því fram að sú hnignun sé raunin og eigi sér langan aðdraganda. Í áðurnefndri bók sálfræðingsins Dachers Keltner koma fram áhyggjur hans af minnkandi þætti lotningar og undrunar í lífi barna: „Þær breytingar á lífi barna sem vekja hve mestan ugg nú á dögum er hvarf lotningarinnar. Við erum ekki að gefa þeim næg tækifæri til að uppgötva og upplifa undur lífsins“.¹⁰⁸ Huizinga hélt sömuleiðis fram þeirri „dapurlegu niðurstöðu“ strax árið 1938 þegar *Home Ludens* kom fyrst út að „leik-elementinu í menningunni hefur farið hnignandi allt frá því á 18. öld“ og að „siðmenningin nú á dögum er ekki lengur leikin, og jafnvel þegar hún virðist vera leikin þá er það ekki ósvikinn leikur“.¹⁰⁹ Sannur „leik-andi er í útrýmingarhættu“, segir hann.¹¹⁰ Jafnvel þótt ofangreindir höfundar hefðu ekki nema að hluta til rétt fyrir sér um hnignun leiks, lotningar og undrunar þá myndu hugmyndir þeirra og tillögur um viðbrögð verðskulda fulla athygli – svo mikilvægir eru þessir þættir sjálfu fjöreggi mennsku og mannlegs þroska, bernskunni.

Lokaorð

Í upphafi greinarinnar var spurt í hvaða skilningi megi segja að það að verða eins og barn sé nauðsynlegur, en ekki nægilegur, þáttur í fullum þroska manneskjunnar, og hvaða eiginleikar barnæskunnar það eru sem við ættum að leitast við að varðveita og láta upplýsa manndóms- og efri árin. Færð hafa verið rök fyrir því að þrjú þemu skipti þar verulegu máli, auðmýkt, undrun og leikur. Í fyrsta lagi hefur verið sýnt hvernig hið jarðbundna sjónarhorn auðmýktarinnar sem tengt hefur verið barninu er mikilvæg forsenda þess að kunna að meta hluti að verðleikum. Í öðru lagi hafa verið færð rök fyrir því að undrun barnsins minni okkur á að veraldarvíska, lífspreyta og kaldhæðni eru ekki lögmál mannlífsins, og að köllun okkar sé að sjá undur tilvistarinnar með ferskum augum barnsins. Í þriðja lagi hefur verið rakið hvernig leikur barnsins er samofinn hugsjóninni um fullan þroska manneskjunnar. Hann minnir okkur á að það besta sem við gerum er fylgið í leikjum og virkni sem er innblásin af leik, ekki síst frjálsum helgi-

¹⁰⁸ Dacher Keltner, *Awe*, bls. 214.

¹⁰⁹ Johan Huizinga, *Homo Ludens*, bls. 206.

¹¹⁰ Sama rit, bls. 199.

leikjum sem eru fagnandi andsvar okkar við gjöf tilverunnar. Það er hlutverk fullorðinna að leiðbeina börnum, gefa þeim menntun, og búa þeim ást, öryggi og stöðugleika. Það er á hinn bóginn ekki síður í því fölgð að skapa forsendur svo barnið, hvort sem er í ungum eða öldnum, geti ræktað gæði barnæskunnar, það er leikið sér og kannað undur veraldarinnar, frjálst og óáreitt af þrúgandi stjórnsemi og laust undan áleitni athyglisiðnaðar og gróðaafla.¹¹¹

Í titli þessarar greinar segir að við séum „borin af barninu“, það er barnið sé faðir okkar eða foreldri. Ein merking þeirrar frjóu myndhverfingar kann einmitt að vera sú að það er barnið sem geymir lykilinn að möguleikum okkar til að þroskast til fulls. Bernskan leggur grunninn að mannlegum þroska, og þar með mennsku okkar og menntun, og samfélag sem er kærulaust um þau sannindi stefnir sjálfu sér í mikinn vanda, eins og glögglega hefur komið fram í máli margra þeirra höfunda sem ræddir hafa verið í þessari grein. Myndhverfingin í ljóði Wordsworths minnir okkur þá jafnframt á að endanlegur áfangastaður þroskagöngunnar kann að vera nær upphafi hennar en við leyfum okkur oft að kannast við. „Hver pílagrímsganga er ferðalag til baka. Hvert skref pílagrímsins er til móts við barnæskuna“ segir enski lögmaðurinn og heimspekingurinn Charles Foster.¹¹² Þroskagangan stefnir með öðrum orðum á vit barnæsku sem upplýst er og umbreytt af öllu því sem pílagrímurinn hefur lært á ferðalaginu; gegnum villuráf og leit, erfiðleika og sársauka, reynslu og innsæi. Eða með orðum ljóðskáldsins T.S. Eliot: „Við hættum ekki að kanna lönd / og að lokum komum við aftur á staðinn sem við lögðum upp frá / og kynnumst honum þá í fyrsta sinn“.¹¹³

¹¹¹ Orðalagið „gæði barnæskunnar“ er fengið frá stjórnmálaheimspekingnum Anca Gheaus. Gheaus færir meðal annars rök fyrir því að barnæskunni tilheyrir viss „eigin gæði“ (c. *intrinsic goods*), á borð við undrun og leik, sem geri líf fullorðinna líka betra. Við ættum því að stefna að því að „gera líf barna og fullorðinna áþekkara með því að skapa meira rými fyrir gæði barnæskunnar í lífi fullorðinna“. Sjá Anca Gheaus, „The ‘Intrinsic Goods of Childhood’ and the Just Society“, *The Nature of Children’s Well-Being. Theory and Practice*, ritstjórar Alexander Bagattini og Colin Macleod, Springer: Dordrecht, 2015, bls. 35–52, hér bls. 51.

¹¹² Charles Foster, *The Sacred Journey*, bls. 59.

¹¹³ T.S. Eliot, *Collected Poems 1909–1962*, New York: Harcourt, Brace & World, 1963, bls. 208.

ÚTDRÁTTUR

Greinin fjallar um merkingu þess að verða „eins og barn“ eða verða „barn í annað sinn“ í samhengi við hugmyndir um mannlegan þroska. Rætt er um þrjú þemu sem hafa annars vegar verið tengd barnæskunni og hins vegar því að fullorðnast, það er verða fullþroskuð manneskja. Þemun eru *auðmýkt*, *undrun* og *leikur*. Sem dygð hefur auðmýkt verið álitin ein höfuðþrýði andlegs og siðferðilegs þroska, en jafnframt verið tengd börnum sérstaklega, bæði í ljósi eiginleika þeirra og stöðu í tilverunni. Rætt er hvernig auðmýkt sem hið barnslega sjónarhorn manneskjunnar á heiminn hefur djúpa þýðingu fyrir skynbragð hennar á gildi og mikilvægi hlutanna. Undrun er önnur siðferðileg dygð sem tengd hefur verið ferskri upplifun barnsins af veröldinni og hinu óvænta sem það sér hvarvetna. Hún birtist einnig í unun barnsins af einfaldri skynjun skynfæranna, auga þess fyrir staðreyndum lífheimsins og fyrir sjálfri tilvistinni. Í greininni er staldrað sérstaklega við hið síðasttalda, það er við þýðingu hins barnslega einfalda innseis í undur tilvistarinnar fyrir þroskaðan og vakandi skilning á lífinu. Leikurinn er nálgun barna á tilveruna en ýmsir hugsuðir hafa einnig tengt hann við ýtrasta þroska manneskjunnar. Í þessu sambandi er sérstaklega rætt um nán tengsl leiksins við mannlegt frelsi og frjálsa virkni á borð við hugleiðingu og helgisíði, sem sumir heimspekingar hafa álitid að sé það besta sem mannlífið hefur upp á að bjóða. Undir lok greinarinnar er vikið að vísbendingum um að ýmislegt í þróun nútímasamfélags grafi undan barnæskunni, í samhengi þeirra þriggja þema sem rædd eru í greininni.

Lykilorð: Barnæska, þroski, auðmýkt, undrun, leikur

ABSTRACT

“The Child is father of the Man” On childhood as an educational ideal

In this article I examine the notion of becoming „like a child“ or coming to „a second childhood“ as an educational or developmental ideal. I begin by comparing and contrasting two different conceptions of childhood. On the one hand the child is mainly seen in terms of a lack or deficiency; it has not yet grown up, is not yet mature, and so forth. This vision of childhood can be seen in the thought of Aristotle, for example. On the other hand the child, and its qualities, is rather seen in terms of a guiding light for adults. The best known example of this view is probably the words of Jesus, who declares for instance that „whoever does not receive the kingdom of God like a child shall not enter it“ (Mark 10:15). In the article I consider this second view of childhood. What does

it mean to say that to become a mature human being one has to become „like a child“? In what sense is the child a necessary (but not sufficient) condition for the full development of the human being? I distinguish three themes that I argue are pivotal in this regard: *Humility*, *wonder* and *play*. Humility is the virtue of groundedness, i.e. of having one's feet on the earth and to see things from an earthbound point of view. Children have a special connection to humility in this sense in virtue of the simple and obvious fact that they are small in more than one sense, and live and move and have their being in closer approximation to the earth than grown ups. To develop and explain this further I make use of G.K. Chestertons story about the giant Paul and the dwarf Peter who have contrasting views on the world. The giant Paul sees everything from a great height and tends to see things as small and insignificant. Peter the dwarf has on the other hand an earthbound point of view and tends to see things, therefore, as huge and magnificent. The story can be read as a metaphor for a person's inward sense of superiority, on the one hand, and her sense of humility on the other. I discuss how these two basic views can be linked to issues such as respect for human beings, appreciation of what is of importance, and the ability to enjoy life – and lack thereof. I reflect, further, on Chestertons idea that ultimately humility can be described as a metaphysical or even a mathematical virtue. Next I turn my attention to wonder. The connection of wonder to childhood is much commented on, in light of the fact that children are newcomers to this world and are endowed with fresher eyes and minds than most grown ups. Wonder is also understood by many thinkers as an essential factor in the mature human ability to see and appreciate the world. I discuss various aspects of the wonder of children which are relevant here, such as their simple appreciation of the senses, their love of the special texture and essence of things, and their acute sense of existence itself. I pause specially to consider the wonder of existence and how it is connected to a point of view, closely related to humility, where *nothing* is expected or taken for granted, and everything is therefore seen as an unnecessary and gratuitous gift, and as a pleasant surprise. Play is the third theme of my discussion on childhood and human maturity. Play has been described as the *modus operandi* of children but it has also been depicted, for example by Friedrich Schiller, as the only activity that makes human beings whole and fully human. In reflecting on such pronouncements I point out how play is connected to all sorts of *free*, *spontaneous* and *unforced* activity, which, furthermore, has no end outside itself. I consider how free activity of this kind has, on the one hand, been seen as the essence of play and, on the other hand, the essence of contemplation and ritual. Play is in other words a kind of contemplation, and contemplation and ritual is play. The article ends by a short discussion on recent research findings which seem to show that traditional play-based childhood has, in western countries such as the USA, been turning into a phone-based childhood, where both the quality and quantity

JÓN ÁSGEIR KALMANSSON

of play is much reduced. I reflect on what this might mean in light of the three themes articulated.

Keywords: Childhood, adulthood, development, humility, wonder, play.

JÓN ÁSGEIR KALMANSSON

Lektor við Deild menntunar og margbreytileika

Menntavísindasviði Háskóla Íslands

jonkalma@hi.is